

Stjórn og nefndir KSÍ

Stjórn

Eggert Magnússon	Formaður
Halldór B. Jónsson	Varaformaður
Eggert Steingrímsson	Gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson	Ritari
Ágúst Ingi Jónsson	
Ástráður Gunnarsson	
Björn Friðbjólfsson	
Ingibjörg Hinriksdóttir	
Lúðvík S. Georgsson	

Varastjórn

Jóhannes Ólafsson
Kjartan Daníelsson
Þórarinn Gunnarsson

Landshlutafulltrúar

Guðmundur Ingvason	Austurland
Einar Friðbjólfsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland
Ómar B. Stefánsson	Norðurland

Framkvæmdastjórn

Eggert Magnússon	Formaður
Eggert Steingrímsson	
Halldór B. Jónsson	
Jón Gunnlaugsson	
Lúðvík S. Georgsson	

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Eggert Magnússon	Formaður
Eggert Steingrímsson	
Geir Þorsteinsson	
Ómar Einarsson	
Reynir Ragnarsson	

Starfsfólk

Geir Þorsteinsson	Framkvæmdastjóri
Birkir Sveinsson	Mótastjóri
Eyjólfur Sverrisson	Sparkvallamál
Gunnar Gylfason	Landsliðsmál
Halldór Örn Þorsteinsson	Mótamál
Jóhann G. Kristinsson	Vallarstjóri
Klara Bjartmarz	Skrifstofustjóri
Luka Kostic	Hæfileikamótun
Margrét Elíasdóttir	Ritari
Ómar Smáráson	Leyfisstjóri
Pálmi Jónsson	Fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir	Ritari
Sigríður Sigurðardóttir	Ræstitæknir
Sigurður R. Eyjólfsson	Fræðslustjóri
Þorvaldur Ingimundarson	Mótamál/Heimasíða

Dómstóll KSÍ

Gunnar Guðmundsson	Formaður
Ásbjörn Jónsson	
Halldór Frimannsson	
Halldór Halldórsson	
Hillmar Gunnlaugsson	

Áfrýjunardómstóll KSÍ

Sigurður G. Guðjónsson	Forseti
Guðmundur Jónsson	
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson	
Brynjar Níelsson (til vara)	
Guðmundur Þórðarson (til vara)	
Hörður Felix Harðarson (til vara)	
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)	
Lúðvík Örn Steinarsson (til vara)	

Aganefnd

Þórarinn Gunnarsson	Formaður
Gunnar Guðmundsson	
Sigurður Ingi Halldórsson	
Einar M. Árnason (til vara)	
Helgi R. Magnússon (til vara)	
Þröstur Ríkharðsson (til vara)	

Dómaranefnd

Halldór B. Jónsson	Formaður
Eyjólfur Ólafsson	
Eysteinn Guðmundsson	
Ingi Jónsson	
Kári Gunnlaugsson	
Sigurður Hannesson	

Fjárreiðunefnd

Eggert Magnússon	Formaður
Eggert Steingrímsson	
Geir Þorsteinsson	
Pálmi Jónsson	

Fræðslunefnd

Ingibjörg Hinriksdóttir	Formaður
Ástráður Gunnarsson	
Guðni Kjartansson	
Kjartan Daníelsson	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Örn Ólafsson	

Landsliðsnefnd karla

Eggert Magnússon	Formaður
Eggert Steingrímsson	
Halldór B. Jónsson	
Jón Gunnlaugsson	
Lúðvík S. Georgsson	

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Kjartan Daníelsson	Formaður
Einar Friðbjólfsson	
Guðrún Inga Sívertsen	
Ingibjörg Hinriksdóttir	

Landsliðsnefnd U21 karla

Jóhannes Ólafsson	Formaður
Ágúst Ingi Jónsson	
Rúnar Arnarson	
Viðar Halldórsson	
Vignir Már Þormóðsson	

Ársskýrsla KSÍ 2006

Mannvirkjanefnd

Lúðvík S. Georgsson Formaður
Ásthildur Helgadóttir
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson
Þorbergur Karlsson

Mótanefnd

Halldór B. Jónsson Formaður
Atli Þórsson
Ágúst Ingi Jónsson
Björn Friðbjólfsson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Kjartan Daníelsson

Samninga- og félagaskiptanefnd

Þórarinn Gunnarsson Formaður
Lúðvík S. Georgsson
Steinar Þór Guðgeirsson
Guðmundur H. Péturss. (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)
Örn Gunnarsson (til vara)

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Ástráður Gunnarsson Formaður
Björn Friðbjólfsson
Ingvar Guðjónsson
Sigurður Helgason
Steinn Halldórsson
Þórarinn Gunnarsson

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ingibjörg Hinriksdóttir Formaður
Gary Wake
Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir

Útbreiðslunefnd

Björn Friðbjólfsson Formaður
Einar Friðbjólfsson
Guðmundur Ingvason
Jakob Skúlason
Ómar B. Stefánsson

Kjörnefnd

Viðar Halldórsson Formaður
Steinn Halldórsson
Vignir Már Þormóðsson

Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Þ. Sigurðsson
Haukur Gunnarsson
Reynir Karlsson (til vara)
Þórður Þorkelsson (til vara)

Laganefnd (millipinganefnd)

Lúðvík S. Georgsson Formaður
Halldór B. Jónsson
Steinar Þór Guðgeirsson

Laga- og leikreglnanefnd

Lúðvík S. Georgsson Formaður
Guðmundur H. Pétursson
Steinar Þór Guðgeirsson

Leyfisdomur KSÍ

Sveinn Jónsson Formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

Leyfisráð KSÍ

Lúðvík S. Georgsson Formaður
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Steinar Þór Guðgeirsson
Örn Gunnarsson

Afmælisnefnd - KSÍ 60 ára

Ágúst Ingi Jónsson Formaður
Eggert Steingrímsson
Gunnar Sigurðsson
Stefán Gunnlaugsson

Samráðsnefnd

Jón Gunnlaugsson Formaður
Eggert Magnússon
Geir Þorsteinsson
Bjarki Ólafur Birkisson 2D
Bjarni Benediktsson 1D
Eiríkur Guðmundsson LD
Hermann Ólafsson 2D
Jónas Kristinsson LD
Jónas Þórhallsson LD
Leifur Gunnlaugsson 2D
Sigvaldi Einarsson 1D
Unnsteinn Jónsson 1D

Framkvæmdanefnd EM U19 kvenna 2007

Ingibjörg Hinriksdóttir Formaður
Halldór B. Jónsson
Guðrún Inga Sívertsen
Kjartan Daníelsson
Lúðvík S. Georgsson

Skýrsla landsliðsnefndar

Í nefndinni sátu Eggert Magnússon formaður, Eggert Steingrímsson, Halldór B. Jónsson, Jón Gunnlaugsson og Lúðvík S. Georgsson. Með nefndinni störfuðu Geir Þorsteinsson og Gunnar Gylfason. Eyjólfur Sverrisson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar Bjarni Jóhannsson, markmannsþjálfari var Birkir Kristinsson en Guðmundur Hreiðarsson leysti hann af í einu verkefni. Læknir landsliðsins var Sveinbjörn Brandsson, sjúkraþjálfarar þeir Stefán Stefánsson og Friðrik Ellert Jónsson, nuddari Óðinn Svansson og liðsstjóri Björn Gunnarsson.

Verkefni og leikmenn

Landsliðið lék á árinu 6 leiki, fjóra í undankeppni EM 2008 og tvo vináttuleiki. Sigur vannst í einum leik, einum leik lauk með jafntefli, en hinir fjórir töpuðust. Í þessum leikjum léku 26 leikmenn. Sex þeirra, þeir Árni Gautur Arason, Grétar Rafn Steinsson, Hermann Hreiðarsson, Indriði Sigurðsson, Ívar Ingimarsson og Jóhannes Karl Guðjónsson léku alla leiki ársins. Hermann Hreiðarsson lék sinn 70. landsleik á árinu og Jóhannes Karl Guðjónsson sinn 30.

Vináttulandsleikir

Leiknir voru tveir vináttulandsleikir á árinu og var sá fyrri gegn Trinidad og Tobago í Lundúnum í lok febrúar. Trinidad og Tobago vann leikinn 2-0 og kom fyrra markið eftir um tíu mínútna leik en síðara markið kom úr vítaspyrnu snemma í seinni hálfleik.

Annar vináttulandsleikur ársins var á Laugardalsvelli í ágúst gegn Spáni sem er ein sterkasta knattspyrnuþjóð í heimi. Lauk leiknum með markalausum jafntefli.

Undankeppni EM 2008

Undankeppni EM 2008 hófst í september. Ísland er í riðli með Svíum, Spánverjum, Dönum, Lettum, Norður-Írum og Liechtenstein.

Fyrsti leikur Íslands í keppninni var útileikur gegn Norður-Írum og vannst þar glæsilegur 3-0 sigur. Öll mörkin komu í fyrri hálfleik. Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði fyrsta mark leiksins á 13. mínútu, Hermann Hreiðarsson bætti við öðru marki átta mínútum síðar og Eiður Smári Guðjohnsen innsiglaði svo sigurinn með sínu 17. landsliðsmarki á 37. mínútu, og þar með jafnaði hann markamet Ríkharðs Jónssonar með íslenska landsliðinu.

Fjórum dögum síðar voru Danir gestir okkar á Laugardalsvelli og unnu þeir tveggja marka sigur. Bæði mörk Dana komu í fyrri hálfleik, á 5. og 33. mín.

Þriðji leikurinn var gegn Lettum í Riga í byrjun október. Heimamenn fögnuðu sigri í Riga en lokatölur urðu 4-0, Lettum í vil. Lettar skoruðu 3 mörk á fyrstu 25 mínútunum og þar með voru úrslitin nær ráðin en heimamenn bættu við fjórða markinu á 52. mínútu.

Fjórum dögum síðar voru Svíar mættir í Laugardalinn og unnu sigur með tveimur mörkum gegn einu. Arnar Þór Viðarsson skoraði mark Íslendinga á 7. mínútu en Svíar jöfnuðu mínútu síðar og skoruðu svo sigurmarkið á 60. mínútu.

Lokaorð

Landsliðið náði því miður ekki að fylgja eftir mjög góðri byrjun í undankeppni EM í Belfast og öruggum sigri þar. Þrír ósigrar í röð eru vonbrigði en enn eru margir leikir eftir og mikilvægt að snúa þessu við á árinu 2007.

Ég vil þakka leikmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum þeirra, læknum og sjúkraþjálfurum samstarfið á árinu, sem og nefndarmönnum og starfsfólki KSÍ.

Eggert Magnússon, formaður

Skýrsla U21 landsliðsnefndar

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Ágúst Ingi Jónsson, Viðar Halldórsson, Rúnar V Arnarsson og Vignir Þormóðsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Þjálfari liðsins var Lúkas Kostic, aðstoðarþjálfari Magnús Gylfason, Hjalti Kristjánsson lækni liðsins, Jón Þór Brandsson sjúkráþjálfari og Helgi Sævarsson liðsstjóri.

Fyrsta verk nýráðins þjálfara U21 landsliðsins var leikur við Skota og fór hann fram í Skotlandi. Fátt er að segja um þennan leik því leikurinn tapaðist 0-4 og staðan í hálfleik 0-3. Þarna voru margir að leika sinn fyrsta landsleik í þessum aldursflokki en höfðu þó áður leikið með yngri landsliðum. Leikurinn var eins og til var ætlast undirbúningur fyrir komandi keppni og fyrir þjálfara liðsins að kynnst og sjá hvaða leikmenn kæmu til greina í þann hóp sem yrði valinn fyrir undankeppnina.

Undankeppni EM 2007

Vegna breytt fyrirkomulags á Evrópumótum U21 landsliða var leikin undankeppni á einu ári fyrir úrslitakeppnina í Hollandi sumarið 2007. Keppnin var þrískipt, fyrst var forkeppni 16 þjóða um að komast í riðlakeppnina. Þar voru 14 þriggja liða riðlar og leikin einföld umferð og sigurvegarar riðlanna 14 mætust svo í umspili um 7 laus sæti í úrslitakeppninni.

Í forkeppninni dróst Ísland gegn Andorra og var fyrri leikurinn ytra 3. maí. Ekki tókst okkar mönnum að brjóta á bak aftur þetta vörn Andorrabúa og markalaust jafntefli varð staðreynd. Heimamenn lögðu allt kapp á að halda markinu hreinu og gerðu fáar tilraunir til að ógna marki Íslendinga. Andorrabúar fögnuðu jafnteflinu innilega í leikslok en okkar menn voru ekki eins sáttir.

Seinni leikurinn við Andorra var á Akranesi 1. júní. Íslensku strákarnir þurftu að hafa mikið fyrir þessum sigri því Andorramenn mynduðu skjaldborg í kringum sitt mark. Gekk Íslendingum illa að brjóta múrinn á bak aftur og leikmenn Andorra voru fljótir að koma boltanum fram á völlinn en lengur að flestu öðru. Þrátt fyrir nokkur góð færi var það ekki fyrr en fimm mínútum fyrir leikslok að Emil Hallfreðsson skoraði úr vítaspyrnu. Rúrik Gíslason bætti svo marki við alveg undir lok leiksins og öruggur en erfiður sigur í höfn.

Í riðlakeppninni um haustið var Ísland í riðli með Austurríki og Ítalíu. Fyrsti leikur riðilsins var leikur okkar við Austurríki í Ritzing. Nokkuð jafnræði var með liðunum í leiknum og segja má að jafntefli hafi verið sanngjörn úrslit. Íslenska liðið lék vel í leiknum, varðist af krafti, sótti þegar færi gafst og átti í fullu tré við austurríska liðið allan leikinn.

Annar leikurinn var heimaleikur okkar gegn Ítalíu á Laugardalsvelli og þar unnu margfaldir Evrópumeistarar í þessum aldursflokki 1-0 sigur og kom eina mark leiksins þegar um 10 mínútur voru liðnar af síðar hálfleik. Ítalska liðið var sterkara í leiknum og átti nokkur þokkaleg færi til að skora, en íslenska liðið varðist vel og hefði með smá heppni náð að jafna metin. Eftir þessi úrslit var íslenska liðið úr leik en Ítalir tryggðu sér sæti í umspili nokkrum dögum síðar með sigri á Austurríki.

Næsta undankeppni hefst í júní og verður með hefðbundnara sniði þ.e.a.s. leikið í riðli á tveimur árum með úrslitakeppni í Svíþjóð sumarið 2009.

Leikmenn

Það voru 28 leikmenn sem tóku þátt í þessum fimm leikjum og að auki voru þrír til viðbótar valdir í hóp en spiluðu ekki. Fjórir leikmenn, þeir Baldur Sigurðsson, Bjarni Þór Viðarsson, Guðjón Baldvinsson og Theódór Elmar Bjarnason léku alla leiki ársins. Sextán leikmenn léku sína fyrstu U21 landsleiki á árinu. Davíð Þór Viðarsson var fyrri liði liðsins í fyrstu þremur leikjum ársins en Emil Hallfreðsson bar fyrri liðabandið í tveimur síðustu leikjum ársins en þeir tveir síðast nefndu voru að spila sinn síðasta leik í þessum aldursflokki, Davíð lék þar 16 leiki og Emil 14.

Lokaorð

Leikmönnum og sérstaklega þeim sem voru að spila sinn síðasta leik í þessum aldursflokki vil ég þakka samstarfið og óska þeim velfarnaðar í komandi framtíð. Þjálfurum, lækni, sjúkráþjálfara og liðstjóra vil ég þakka ég fyrir tímabilið. Einnig samstarfsmönnum mínum í nefndinni svo og starfsmönnum KSÍ fyrir ánægjulegt samstarf.

Jóhannes Ólafsson, formaður

Skýrsla unglínganefndar

Nefndina skipuðu Ástráður Gunnarsson formaður, Björn Friðþjófsson, Ingvar Guðjónsson, Sigurður Helgason, Steinn Halldórsson og Þórarinn Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gyfason.

Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Guðni Kjartansson þjálfaði U19 landsliðið og Lúkas Kostic U17 liðið. Freyr Sverrisson hafði umsjón með úrtökumóti og knattspyrnskólanum, og var einnig aðstoðarmaður Guðna og Lúkasar í verkefnum landsliðanna. Liðsstjórar liðanna voru þeir Guðmundur Óli Sigurðsson með U19 og Gunnlaugur Hreinsson með U17, lækni U17 var Einar Jónsson og lækni U19 Ágúst Gústafsson.

U17 - Drengjalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1990 og síðar

Eins og mörg undanfarin ár voru verkefni tvö fyrir þetta lið, Opna Norðurlandamótið og undankeppni Evrópumótsins.

Opna Norðurlandamótið

Mótið fór að þessu sinni fram í Færeyjum 31. júlí – 4. ágúst. Íslenska liðið var í A riðli með Finnum, Dönnum og Færeyingum og var fyrsti leikurinn gegn Finnum. Það var ekki bjart útlitið fyrir íslensku strákana í byrjun því að eftir sjö mínútur, höfðu Finnarnir náð að skora tvisvar. Kom fyrra mark þeirra á 3. mínútu og það síðara á 7. mínútu. En þá spýttu íslensku strákarnir í lófana og voru búnir að jafna áður en gengið var til leikhlés. Var Kristinn Steindórsson þar að verki í bæði skiptin. Í seinni hálfleik tók íslenska liðið öll völd og bætti við þremur mörkum. Viðar Örn Kjartansson skoraði tvö mörk og Viktor Unnar Illugason eitt. Næsti leikur var gegn Dönnum og komust þeir yfir eftir hornspyrnu á 15. mínútu en Viðar Örn jafnaði leikinn með laglegu marki á 22. mínútu. Þannig stóðu leikar þegar gengið var til búningsherbergja í hálfleik. Danska liðið náði svo að bæta við tveimur mörkum í seinni hálfleik, það fyrra á 60. mínútu og það síðara á 79. mínútu. Þar við sat og Danir fögnuðu sigri. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn heimamönnum. Færeyska liðið skoraði tvisvar sinnum í fyrri hálfleik og hafði því forystu þegar flautað var til leikhlés. Hvorugu liðinu tókst svo að setja mark sitt á leikinn í seinni hálfleik og þar við sat, 2-0 fyrir Færeyinga. Danir urðu efstir í A riðli með 7 stig, Finnar hlutu 4 stig í öðru sæti, Íslendingar í því þriðja á betri markatölu en Færeyingar en báðar þjóðirnar hlutu 3 stig. Í B riðli urðu Englendingar efstir með 9 stig, Svíar hlutu 4 stig sem og U19 lið Færeyinga sem var gestalið í mótinu og Norðmenn fengu ekkert stig. Í leikjum um sæti lögðu okkar menn U19 lið Færeyinga. Viktor Unnar Illugason kom íslenska liðinu yfir á 8. mínútu en Færeyingar jöfnuðu strax á 11. mínútu. Þannig var staðan þegar gengið var til leikhlés. Í þeim síðari náði svo Kristinn Steindórsson að koma íslenska liðinu yfir á 77. mínútu og tryggja liðinu 5. sætið. Norðmenn tryggðu sér 7. sætið á mótinu með eins marks sigri á Færeyingum, Finnar unnu Svía 2-1 í leik um bronsið og Danir lögðu Englendinga í úrslitaleik og urðu Norðurlandameistarar.

Undankeppni Evrópumótsins

Okkar riðill fór fram í Rúmeníu í september. Andstæðingar okkar voru, auk heimamanna, Frakkar og Litháar. Fyrsti leikur okkar var gegn heimamönnum, Rúmenar komust yfir á 8. mínútu og leiddu í hálfleik. Það var svo Björn Jónsson sem jafnaði leikinn á 48. mínútu eftir hornspyrnu. Leikurinn var jafn og vel leikinn af íslenska liðinu. Úrslitin hljóta að teljast góð hjá íslensku strákunum enda Rúmenar erfiðir heim að sækja. Annar leikurinn var gegn Frökkum og fengu þeir óskabyrjun og skoruðu eftir aðeins 30 sekúndur. Þeir bættu svo öðru marki við á 20. mínútu og leiddu með tveimur mörkum í hálfleik. Frakkar bættu svo þriðja markinu við á 70. mínútu en Kristinn Steindórsson minnkaði muninn strax mínútu síðar. Þar við sat og var Ísland því með eitt stig eftir tvo leiki. Síðasti leikurinn var gegn Litháum. Íslendingar komust yfir strax á 6. mínútu með marki Viktors Unnars Illugasonar. Litháar jöfnuðu metin á 30. mínútu og þannig var staðan í hálfleik. Í seinni hálfleik voru okkar menn mun betri aðilinn og bættu við þremur mörkum. Þar voru að verki Björn Jónsson, Kristinn Steindórsson og Viðar Örn Kjartansson og tryggðu 4-1 sigur. Á sama tíma töpuðu Rúmenar fyrir Frökkum, 0-3. Íslendingar og Rúmenar voru því með fjögur stig en markatala Íslendinga var betri og tryggði liðið sig þannig áfram í milliriðla ásamt Frökkum sem unnu alla sína leiki.

U19 - Unglíngalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar

Verkefni liðsins voru líkt á undanfarin ár þátttaka í Evrópukeppninni og vináttulandsleikir.

Vináttuleikir

Leiknir voru tveir leikir gegn Skotum ytra í byrjun september. Fyrri leikinn vann íslenska liðið 3-1. Birkir Bjarnason skoraði fyrsta mark leiksins á 39. mínútu og leiddi íslenska liðið í hálfleik en Skotar jöfnuðu á 59. mínútu. Það var svo fyrirliðinn Bjarni Þór Viðarsson sem tryggði sigurinn með tveimur mörkum, því fyrra á 83. mínútu og svo á 86. mínútu. Síðari leikinn unnu okkar menn 2-1. Það voru Skotar er komust yfir í fyrri hálfleik og leiddu í hálfleik. Í seinni hálfleik náðu íslensku strákarnir hinsvegar að snúa leiknum sér í vil og tryggja sér sigur. Voru það Rúrik Gíslason og Skúli Jón Friðgeirsson er skoruðu mörkin er tryggðu sigurinn.

Undankeppni Evrópumótsins

Ísland var í riðli með Svíþjóð, Póllandi og Færeyjum og var leikið í Svíþjóð í byrjun október. Fyrsti leikurinn var gegn Pólverjum og unnu okkar menn 2-0 sigur og mörkin gerðu þeir Rúrik Gíslason á 21. mínútu og Marko Pavlov á 46. mínútu. Næsti leikur var gegn Svíum sem unnu 2-0. Svíar skoruðu fyrra markið á 15. mínútu og það síðara á þeirri 48. Síðasti leikurinn var gegn Færeyingum og unnu íslensku strákarnir 3-1 sigur. Það voru þeir Skúli Jónsson, Arnór Smáráson og Rúrik Gíslason sem skoruðu mörk Íslendinga í þessum leik og komu liðinu í 3-0. Færeyingar minnkuðu muninn seint í leiknum. Ísland hafnaði í 3. sæti riðilsins með 6 stig eins og bæði Svíar og Pólverjar sem höfðu betri markatölu úr innbyrðis viðureignum þjóðanna og komust beint áfram í milliriðla. Þessi árangur dugði þó íslenska liðinu til að komast áfram í milliriðil sem liðið með bestan árangur í 3. sæti í undankeppninni.

U18 landslið á mót í Tékklandi

KSÍ var boðið að senda U18 landslið á 8 liða mót í Tékklandi í ágúst og var boðinu tekið. Leikið var í tveimur fjögurra liða riðlum og vorum við í riðli með Belgum, Slóvakum og Pólverjum. Fyrsti leikurinn var gegn Belgum og varð 1-1 jafntefli niðurstaðan. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði fyrir Ísland á 22. mínútu en Belgar jöfnuðu úr víti á þeirri 45. og þar við sat. Næsti leikur var gegn Slóvakum og kom Oddur Ingi Guðmundsson íslenska liðinu yfir eftir 8 mínútna leik en Slóvakar jöfnuðu metin á 25. mínútu. Þeir komust svo yfir þremur mínútum síðar eftir varnarmistök íslenska liðsins. Í seinni hálfleik freistaði íslenska liðið þess að jafna metin en án árangurs. Hinsvegar náðu Slóvakar að bæta við þriðja markinu tveimur mínútum fyrir leikslok. Í síðasta leiknum í riðlinum lék íslenska liðið við Pólverja sem unnu 2-1. Ísleifur Örn Guðmundsson skoraði mark okkar manna á 12. mínútu og leiddi íslenska liðið í hálfleik. Pólverjar jöfnuðu í byrjun síðari hálfleiks og tryggðu sér svo sigur með marki úr vítaspyrnu.

Úrtökumót

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman tæplega 70 drengir og fór mótið vel fram, en Freyr Sverrisson hafði umsjón með mótinu og hafði til aðstoðar tvo þjálfara, þá Guðjón Þorvarðarson og Ólaf Jósefsson. Úrtökumót þetta er haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið á árinu 2007 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur. Í desember sl. voru svo boðaðir um 35 drengir á æfingar og aðrir 35-50 verða boðaðir í janúar og mars. Þessir drengir verða hlutgengir á úrtökumótið 2007 og í U17 landsliðið 2008.

Lokaorð

Á árinu léku liðin 14 leiki. Sex sigrar, tvö jafntefli og sex töp. Árangur U17 á Norðurlandamótinu var ekki góður en árangurinn á Evrópukeppninni var mun betri þar sem liðið lék mjög vel og tryggði sér rétt til að leika í milliriðli ásamt Frakklandi. Milliriðillinn fer fram í Portúgal dagana 19. til 24. mars. Þar munum við leika gegn heimamönnum, Norður-Írlandi og Rússlandi. Árangur U19 var góður, liðið lék 5 leiki og tapaði aðeins einum. Liðið lék vel í riðlakeppni EM en riðlinum lauk þannig að þrjú lið voru með sex stig og við höfnuðum í þriðja sæti sem þýddi það að við komumst ekki beint í milliriðil heldur þurftum við að bíða eftir því að öllum riðlum væri lokið til þess að fá úr því skorið hvort við værum með bestan árangur liða sem höfnuðu í þriðja sæti riðlanna. Það kom svo í ljós að við fengum þátttökurétt í milliriðli þar sem við leikum gegn Azerbaidjan, Noregi og Spáni, en leikið verður í Noregi 30. maí til 4. júní. Þetta ár var einstaklega árangursríkt ár hvað varðar þátttöku á EM, að koma báðum liðunum áfram í milliriðil er árangur sem fáar þjóðir náðu og getum við verið stolt af þeim árangri.

Opna Norðurlandamótið fyrir U17 lið verður haldið í Danmörku í ágúst 2007 en ekki hefur verið dregið í riðla.

Guðni Kjartansson hefur ákveðið að hætta þjálfun U19 á þessu ári en hann mun halda áfram störfum með það lið sem tryggði sér rétt til að leika í milliriðli. Gengið hefur verið frá ráðningu þjálfaranna Kristins Rúnar Jónssonar fyrir U19 og Lúkasar Kostic U17. Þá hefur samningur Freys Sverrissonar verið framlengdur. Þessir samningar eru allir til tveggja ára.

Á árinu lék U18 þrjá vináttuleiki sem ég tel vera afar þýðingarmikið fyrir okkar uppbyggingu á landsliðum. Það er einlæg von mín að framhald verði á þessum verkefnum.

Að lokum vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum, forystumönnum og þjálfurum félaga fyrir samstarfið á árinu. Þjálfurum landsliðanna, liðsstjórum og læknum vil ég þakka góð störf. Öllum þeim sem á einn eða annan hátt greiddu götu okkar færi ég þakkir. Starfsmanni nefndarinnar og öðru starfsfólki skrifstofu KSÍ þakka ég fyrir gott samstarf á árinu.

Ástráður Gunnarsson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2006:

Kjartan Daníelsson, formaður
Einar Friðþjófsson
Guðrún Inga Sívertsen
Ingibjörg Hinriksdóttir
Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði og U21 liði kvenna. Jörundur Áki Sveinsson var landsliðsþjálfari A-liðsins og honum til aðstoðar var Elísabet Gunnarsdóttir sem jafnframt þjálfaði U21 árs liðið. Læknar A liðsins voru Reynir Björn Björnsson og Hjörtur Þór Hauksson. Sjúkraþjálfarar voru Svala Helgadóttir, Jóhannes Már Marteinson og Helena Magnúsdóttir. Liðsstjóri A kvenna var Ásta B Gunnlaugsdóttir. Óskar Jón Helgason var sjúkraþjálfari U21 og Margrét Ákadóttir var liðsstjóri.

A landslið

Árið 2006 var seinna ár okkar í riðlakeppni HM 2007 og leiknir voru fimm leikir í undankeppni HM ásamt þremur vináttuleikjum. Fyrsta verkefni ársins var vináttuleikur gegn Englendingum ytra í mars sem tapaðist 0-1. Í apríl var leikinn vináttuleikur gegn Hollandi sem einnig tapaðist, að þessu sinni 1-2 og var það í fyrsta sinn sem við töpuðum A landsleik gegn Hollandi. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands. Fyrsti leikurinn í riðlakeppni HM var gegn Hvít Rússum ytra í maí og vannst 2-1 sigur með mörkum Ásthildar Helgadóttur og Katrínar Jónsdóttur. Blásið var til hátíðahalda þann 18. júní er íslenska kvennalandsliðið lék sinn 100. landsleik frá upphafi. Mótherjar voru Portúgalir og sigraði íslenska liðið örugglega 3-0. Margrét Lára Viðarsdóttir gerði 2 mörk fyrir Ísland og Greta Mjöll Samúelsdóttir eitt. Í tengslum við leikinn fengu Olga Færseth, Katrín Jónsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir afhenda viðurkenningu fyrir 50 A landsleiki fyrir Íslands hönd. Þriðji HM leikur ársins og kannski sá mikilvægasti var gegn Tékkum heima þann 19. ágúst. Með sigri í leiknum hefði íslenska liðið átt möguleika á að veita Svíum harða keppni um sæti í úrslitakeppni HM. Það gekk því miður ekki eftir og báru Tékkar sigur úr bítum, 4-2. Ásthildur og Margrét Lára skorðuðu mörk Íslands. Draumurinn um sæti á HM var úti en tveir leikir eftir í riðlakeppninni. 26. ágúst var tekið á móti Svíum og átti íslenska liðið aldrei möguleika gegn sterku liðið þeirra og tapaði 0-4. Lokaleikurinn í riðlinum var gegn Portúgölum ytra í lok september og vannst öruggur 6-0 sigur. Margrét Lára skoraði fjögur mörk og Katrín tvö. Elísabet Gunnarsdóttir stjórnaði íslenska liðinu gegn Svíum og Portúgölum þar sem Jörundur Áki Sveinsson landsliðsþjálfari tók út leikbann. Síðasti leikur ársins var vináttulandsleikur gegn Bandaríkjunum ytra í október. Íslenska liðið tapaði naumlega 1-2, en sigurmark heimaliðsins kom í uppbotartíma. Margrét Lára skoraði mark Íslands í leiknum.

Guðlaug Jónsdóttir tilkynnti eftir leikinn gegn Portúgölum að leikurinn hefði verið sá síðasti með landsliðinu. Guðlaug á að baka langan og farsælan feril en hún á að baki 56 A landsleiki á tímabilinu 1992-2006 og eru henni færðar þakkir fyrir sitt góða framlag. Margrét Lára Viðarsdóttir, sem fagnaði 20 ára afmæli sínu sl. sumar, lék sinn 25 landsleik gegn Portúgal í september.

U21

Ísland tók þátt í Opna Norðurlandamóti U21 landsliða í Noregi en óhætt er að segja að íslenska liðið hafi komið mörgum á óvart í því móti. Liðið hóf riðlakeppnina með góðum sigri á Noregi 3-2. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk og Greta Mjöll Samúelsdóttir eitt. Annar leikur íslenska liðsins var gegn Bandaríkjunum þar sem liðin skildu jöfn 1-1 og skoraði Margrét Lára mark Íslands. Þriðji leikur Íslands var gegn Dönnum og sigraði íslenska liðið örugglega 6-1. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði 3 mörk og Hólmfríður Magnúsdóttir, Sif Atladóttir og Helga Sjöfn Jóhannesdóttir sitt markið hvor. Þegar upp var staðið eftir riðlakeppnina höfðu Ísland og Bandaríkin jafn mörg stig í efsta sæti riðilsins en Bandaríkin höfðu einu marki betur í markatölu sem þýddi að íslenska liðið lék um þriðja sætið en ekki það fyrsta. Leikið var gegn Svíum um 3. sæti og var fyrsta tap liðsins staðreynd 0-1.

Lokaorð

Ekki er framhjá því litið að A landslið kvenna olli verulegum vonbrigðum í ár, bæði hvað varðar úrslit leikja og spilamennsku. Liðið lék 8 leiki, sigraði í þremur þeirra, gegn Hvít Rússum og í báðum leikjunum gegn Portúgölum. Aðrir leikir töpuðust, þar á meðal gegn Hollendingum og Tékkum.

Dregið var í desember í riðlakeppni EM 2009 og lentum við þar í riðli með Frökkum, Serbum, Grikkjum og Slóvenum. Þessi niðurstaða verður að teljast hagstæð og vekur vonir um að liðið nái langþráðu markmiði árið 2009 og komist í úrslitakeppni EM. Nýir þjálfarar voru ráðnir til starfa í árslok en það eru þeir Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Guðni Kjartansson.

U21 liðið lék 4 leiki á árinu, vann Noreg og Danmörku og gerði jafntefli gegn Bandaríkjunum eins og áður kom fram. Þessi árangur er frábær og sýnir að ef rétt er á haldið er framtíð íslenskrar kvennakknattspyrnu björt. Þegar þetta er ritað er ekki ljóst hver framtíð Norðurlandamóts þessa aldursflokks verður.

Starfsmönnum landsliðanna, samstarfsfólki mínu í landsliðsnefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Fráfarandi landsliðsþjálfurum eru sérstaklega þökkuð góð störf í þágu íslenskrar knattspyrnu og þeim óskað velfarnaðar á öðrum vettvangi.

Kjartan Daníelsson, formaður

Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2006:

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður
Gary Wake
Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir

Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk unglínganefndar er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og Erna Þorleifsdóttir og Jón Ólafur Daníelsson U17. Sjúkraþjálfarar liðanna voru þær Helena Magnúsdóttir (U17) og Linda Persson (U19). Hjörtur Þór Hauksson var læknir U19. Liðsstjórar voru Ingigerður Júlíusdóttir (U19) og Halldóra Gylfadóttir (U17).

U19 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1987 og síðar

Með góðum árangri í undankeppni EM haustið 2005 tryggði íslenska liðið sér sæti í milliriðlum sem fram fóru í apríl í Rúmeníu. Þar lék íslenska liðið í riðli með Rúmeníu, Englandi og Danmörku. Fyrirfram var ljóst að róður íslenska liðsins yrði erfiður þar sem einungis eitt lið komst upp úr riðlinum í úrslitakeppnina. Íslenska liðið byrjaði illa, tapaði 1-7 gegn Englandi þar sem Greta Mjöll Samúelsdóttir skoraði mark Íslands. Greta var aftur á skotskónum í næsta leik Íslands sem var gegn Dönum og skoraði eina mark liðsins í 1-2 tapi. Síðasti leikur riðilsins var gegn Rúmenum og en í þeim leik sigraði íslenska liðið örugglega 4-0. Greta Mjöll skoraði 2 mark Íslands og Laufey Björnsdóttir og Thelma Ýr Gylfadóttir sitt markið hvor. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti í riðlinum og lauk þátttöku að þessu sinni.

U19 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar

Árið 2006 hófst markviss undirbúningur íslenska liðsins sem leikur í úrslitakeppni EM sem fram fer í júlí 2007. Þar sem Ísland fær sjálfkrafa keppnisrétt í úrslitakeppninni lék liðið ekki í undankeppninni sem fram fór haustið 2006. Liðið lék 2 vináttuleiki í nóvember, báða á heimavelli gegn Englandi. Fyrri leikurinn, sem fram fór í Akraneshöllinni, tapaðist 0-4 en sá síðari sem fram fór í Egilshöll tapaðist 0-3.

U17 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1989 og síðar

Ísland tók þátt í Opna Norðurlandamóti U17 landsliða sem fram fór í Finnlandi. Liðið byrjaði vel, sigraði Holland 1-0 með marki Fanndísar Friðriksdóttur. Næstu tveir leikir töpuðust stórt, 0-5 fyrir Þýskalandi og 0-3 fyrir Svíþjóð. Liðið lék því um 5. sæti við Danmörku og beið enn á ný lægri hlut, að þessu sinni 1-2 og hafnaði því í 6. sæti. Bára Kristbjörg Rúnarsdóttir skoraði mark Íslands í leiknum.

Lokaorð

Árangur síðasta árs stóð ekki undir væntingum. U19 liðið vann einungis einn leik í ár af fimm en þess ber að gera að mótherjar liðsins voru meðal þeirra allra sterkustu. Framundan er erfitt og krefjandi verkefni, úrslitakeppni EM næsta sumar. KSÍ mun kappkosta við að undirbúa liðið eins vel og kostur er og mun liðið meðal annars taka þátt í firnasterku móti á La Manga á Spáni í apríl. U17 liðið átti mjög erfitt uppráttar á Norðurlandamótinu eins og undanfarin ár. Það er þó ljóst að huga þarf betur að undirbúningi U17 liðsins til að gera liðið betur samkeppnisfært á alþjóðavettvangi. Krístrún Lilja Daðadóttir var ráðinn landsliðsþjálfari U17 kvenna í árslok.

Að lokum vil ég þakka þjálfurum, starfsmönnum landsliðanna, samstarfsfólki mínu í unglínganefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

Landsleikir á starfsárinu

Nr.	Land	Leikstaður	Dags.	Lið-keppni	Leikur	Úrslit
1	England	London	28.feb	A karla - VL	Trinidad / Tobago - Ísland	2-0
2	Skotland	Glasgow	28.feb	U21 karla - VL	Skotland - Ísland	4-0
3	England	Norwich	9.mar	A kvenna - VL	England - Ísland	1-0
4	Holland	Zwolle	12.apr	A kvenna - VL	Holland - Ísland	2-1
5	Rúmenía	Otopeni	25.apr	U19 kvenna - EM	England - Ísland	7-1
6	Rúmenía	Mogosoia	27.apr	U19 kvenna - EM	Danmörk - Ísland	2-1
7	Rúmenía	Otopeni	29.apr	U19 kvenna - EM	Rúmenía - Ísland	0-4
8	Andorra	Andorra de Velle	3.maí	U21 karla - EM	Andorra - Ísland	0-0
9	Hvíta-Rússland	Minsk	6.maí	A kvenna - HM	Hvíta-Rússland - Ísland	1-2
10	Ísland	Akranes	1.jún	U21 karla - EM	Ísland - Andorra	2-0
11	Ísland	Reykjavík	18.jún	A kvenna - HM	Ísland - Portúgal	3-0
12	Finnland	Kokkola	3.júl	U17 kvenna - NM	Holland - Ísland	0-1
13	Finnland	Ylivieska	4.júl	U17 kvenna - NM	Þýskaland - Ísland	5-0
14	Finnland	Pietarsaari	6.júl	U17 kvenna - NM	Svíþjóð - Ísland	3-0
15	Finnland	Uusikaarlepyy	8.júl	U17 kvenna - NM	Danmörk - Ísland	2-1
16	Noregur	Ålgård	16.júl	U21 kvenna - NM	Noregur - Ísland	2-3
17	Noregur	Ålgård	18.júl	U21 kvenna - NM	Bandaríkin - Ísland	1-1
18	Noregur	Sandnes	20.júl	U21 kvenna - NM	Danmörk - Ísland	1-6
19	Noregur	Sola	22.júl	U21 kvenna - NM	Svíþjóð - Ísland	1-0
20	Færeyjar	Skála	31.júl	U17 karla - NM	Finnland - Ísland	2-5
21	Færeyjar	Argir	1.ágú	U17 karla - NM	Danmörk - Ísland	3-1
22	Færeyjar	Þórshöfn	3.ágú	U17 karla - NM	Færeyjar - Ísland	2-0
23	Færeyjar	Þórshöfn	5.ágú	U17 karla - NM	Færeyjar - Ísland	1-2
24	Ísland	Reykjavík	15.ágú	A karla - VL	Ísland - Spánn	0-0
25	Austurríki	Ritzing	16.ágú	U21 karla - EM	Austurríki - Ísland	0-0
26	Ísland	Reykjavík	19.ágú	A kvenna - HM	Ísland - Tékkland	2-4
27	Tékkland	Mnichovo Hradiště	22.ágú	U18 karla - VL	Belgía - Ísland	1-1
28	Tékkland	Dobruvice	23.ágú	U18 karla - VL	Slóvakía - Ísland	3-1
29	Tékkland	Sokoleč	25.ágú	U18 karla - VL	Pólland - Ísland	2-1
30	Ísland	Reykjavík	26.ágú	A kvenna - HM	Ísland - Svíþjóð	0-4
31	Ísland	Reykjavík	1.sep	U21 karla - EM	Ísland - Ítalía	0-1
32	Norður-Írland	Belfast	2.sep	A karla - EM	Norður-Írland - Ísland	0-3
33	Skotland	Glasgow	4.sep	U19 karla - VL	Skotland - Ísland	1-3
34	Ísland	Reykjavík	6.sep	A karla - EM	Ísland - Danmörk	0-2
35	Skotland	Glasgow	6.sep	U19 karla - VL	Skotland - Ísland	1-2
36	Rúmenía	Mogosoia	25.sep	U17 karla - EM	Rúmenía - Ísland	1-1
37	Rúmenía	Otopeni	27.sep	U17 karla - EM	Frakkland - Ísland	3-1
38	Portúgal	Porto	28.sep	A kvenna - HM	Portúgal - Ísland	0-6
39	Rúmenía	Mogosoia	30.sep	U17 karla - EM	Litháen - Ísland	1-4
40	Svíþjóð	Ljungby	6.okt	U19 karla - EM	Pólland - Ísland	0-2
41	Lettland	Riga	7.okt	A karla - EM	Lettland - Ísland	4-0
42	Bandaríkin	Richmond	8.okt	A kvenna - VL	Bandaríkin - Ísland	2-1
43	Svíþjóð	Alvesta	8.okt	U19 karla - EM	Svíþjóð - Ísland	2-0
44	Ísland	Reykjavík	11.okt	A karla - EM	Ísland - Svíþjóð	1-2
45	Svíþjóð	Alvesta	11.okt	U19 karla - EM	Færeyjar - Ísland	1-3
46	Ísland	Akranes	21.nóv	U19 kvenna - VL	Ísland - England	0-4
47	Ísland	Reykjavík	23.nóv	U19 kvenna - VL	Ísland - England	0-3

Landsleikir á árinu - A karla

Landsleikir á árinu - U21 karla

Landsleikir á árinu - U19 karla

Landsleikir á árinu - U17 karla

Úrtökumót KSÍ að Laugarvatni – Drengir f. 1991

Félag	Nafn
Afturelding	Arnór Sigurðsson
Breiðablik	Finnur Orri Margeirsson
Breiðablik	Haraldur Birgisson
FH	Garðar Leifsson
FH	Gunnar Páll Pálsson
FH	Hilmar Ástþórsson
Fjölnir	Guðmundur K. Guðmundsson
Fjölnir	Kristinn Freyr Sigurðsson
Fjölnir	Steinar Erni Knútsson
Fram	Guðmundur Magnússon
Fram	Þórir Guðjónsson
Fylkir	Alexander Már Steinarsson
Fylkir	Daníel Guðmundsson
Fylkir	Guðlaugur Viktor Pálsson
Fylkir	Pape Mamadou Faye
Fylkir	Valdimar Fannar Sölvason
Grindavík	Viktor B. Brynjarsson
Gróttta	Atli Freyr Sveinsson
Haukar	Aron Freyr Eiríksson
Haukar	Jón Hjörtur Emilsson
HK	Andri Valgeirsson
HK	Birgir Magnússon
HK	Gunnar Geir Gunnlaugsson
HK	Hafsteinn Briem
Höttur	Garðar Már Grétarsson
ÍA	Björgvin Andri Garðarsson
ÍA	Skúli Freyr Sigurðsson
ÍA	Viktor Ýmir Elíasson
ÍR	Ásgeir Kári Ásgeirsson
ÍR	Davíð Már Stefánsson
ÍR	Sigurður Rúnar Rúnarsson
KA	Andri Fannar Stefánsson

Félag	Nafn
KA	Ívar Guðlaugur Ívarsson
KA	Jóhann Axel Ingólfsson
Keflavík	Viktor Gíslason
KR	Egill Jónsson
KR	Vilhjálmur Darri Einarsson
KS	Halldór Logi Hilmarsson
Leiknir R.	Ásgeir Þór Magnússon
Njarðvík	Guðjón Björnsson
Njarðvík	Haukur Harðarson
Njarðvík	Kristjón Hjaltested
Selfoss	Stefán Ragnar Guðlaugsson
Stjarnan	Arnar Darri Pétursson
Stjarnan	Birkir Freyr Hilmarsson
Þór	Atli Sigurjónsson
Þór	Bergvin Þór Gíslason
Þór	Ottó Reynisson
Þór	Sigurður Kristjánsson
Þróttur N.	Víkingur Pálmason
Þróttur R.	Davíð Stefánsson
Þróttur R.	Oddur Björnsson
Tindastóll	Arnar Skúli Atlason
Tindastóll	Fannar Freyr Gíslason
Valur	Arnar Sveinn Geirsson
Valur	Fitim Morina
Valur	Magnús Örn Þórsson
Víkingur R.	Bjarni Þór Pálmason
Víkingur R.	Jakob Rolfsson
Víkingur R.	Sverrir Þór Garðarsson
Víkingur R.	Walter Hjaltested
Völsungur	Aðalsteinn J Friðriksson
Völsungur	Alexander Jónasson
Völsungur	Halldór Guðni Traustason

Landsleikir á árinu - A kvenna

Landsleikir á árinu - U21 kvenna

Landsleikir á árinu - U19 kvenna

Landsleikir á árinu - U17 kvenna

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var óbreytt skipuð frá fyrra ári: Halldór B. Jónsson, formaður, Atli Heiðar Þórsson, Ágúst Ingi Jónsson, Björn Friðbjólfsson, Ingibjörg Hinriksdóttir og Kjartan Daníelsson.

Starfsfólk mótamála var Birkir Sveinsson mótastjóri, Klara Bjartmarz, Halldór Örn Þorsteinsson og Þorvaldur Ingimundarson, en hann hóf störf á skrifstofu KSÍ á árinu. Að venju annaðist Halldór jafnframt mótahald knattspyrnuráðsins í Reykjavík samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félagin.

Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ koma fram í hinni glæsilegu bók *Íslensk knattspyrna 2006* eftir Víði Sigurðsson, sem Tindur gefur út. Aðildarfélögum KSÍ hefur verið sent eintak af bókinni.

Flokkun og fjöldi leikja

Umfang mótahalds á vegum KSÍ fór áfram vaxandi og leikjum fjölgaði á árinu líkt og flest undanfarin ár. 11 manna leikjum fjölgaði umtalsvert bæði hjá körlum og konum, en nokkur fækkun varð í 7 manna leikjum.

Heildarfjöldun leikja er athyglisverð í ljósi þess að undanfarin ár hefur orðið veruleg fækkun leikja í Íslandsmótinu í knattspyrnu innanhúss hjá körlum eða um 186 frá árinu 2002.

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Leikir samtals	5.179	5.120	4.926	4.438	4.535	4.213	3.753	3.860	3.393

Fjöldi KSÍ leikja í meistaraflokk

Karlar	2006	2005	2004	2003	2002
Íslandsmót	469	452	452	486	425
Bikarkeppni	65	60	60	73	68
Meistarakeppni	1	1	1	1	0
Deildarbikar	153	152	126	126	112
U23 (áður 1. flokkur)	56	50	66	34	51
Samtals	744	715	705	720	656

Konur	2006	2005	2004	2003	2002
Íslandsmót	164	136	135	147	135
Bikarkeppni	15	16	16	14	15
Meistarakeppni	1	1	1	1	0
Deildarbikar	34	39	33	33	36
Samtals	214	192	185	195	186

Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum (11 manna lið)

Karlar	2006	2005	2004	2003	2002
Íslandsmót	951	868	870	777	691
Bikarkeppni	54	58	58	56	55
Samtals	1005	926	928	833	746

Konur	2006	2005	2004	2003	2002
Íslandsmót	337	304	231	202	185
Bikarkeppni	29	30	13	12	11
Samtals	366	334	244	214	196

Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum (7 manna lið)

Karlar	2006	2005	2004	2003	2002
Íslandsmót	772	793	760	693	706
Pollamót	301	317	319	184	351
Samtals	1073	1110	1079	877	1057

Konur	2006	2005	2004	2003	2002
Íslandsmót	508	538	460	370	341
Hnátumót	163	147	142	73	99
Samtals	671	685	602	443	440

Fjöldi landsleikja og Evrópuleikja félagsliða

Karlar	2006	2005	2004	2003	2002
Landsleikir	26	31	29	24	27
Evrópuleikir félagsliða	12	10	14	8	10
Samtals	38	41	43	32	37

Konur	2006	2005	2004	2003	2002
Landsleikir	21	16	23	21	18
Evrópuleikir fél.	8	8	3	3	3
Samtals	29	24	26	24	21

Fjöldi annarra leikja

Karlar	2006	2005	2004	2003	2002
Íslandsmót innanhúss	475	557	567	593	661
Eldri flokkar	80	107	125	97	138
Framhaldsskólámót	80	81	81	73	75
Samtals	635	745	773	763	874

Konur	2006	2005	2004	2003	2002
Íslandsmót inni	331	322	308	296	294
Framh.skólámót	43	26	29	38	28
Samtals	374	348	337	334	322

Heildarfjöldi knattspyrnuleikja á Íslandi

Starfsfólk mótamála kannaði á haustdögum hversu margir leikir færu fram á árinu í umsjón aðildarféлага KSÍ (opin mót félaga). Í ljós kom að 6.725 leikir fóru fram í þeim mótum sem skrifstofu KSÍ var kunnugt um. Án efa var nokkur fjöldi móta ekki inni í þessari talningu, en hún gefur þó vísbendingu um það hver heildarfjöldi leikja er árlega á Íslandi. Þegar teknir eru saman allir leikir KSÍ, KRR, Faxaflóaleikir, opin mót félaga, utandeildakeppnir, ýmis mót á vegum héraðssambanda og annarra aðila, er líklegt að heildarfjöldi leikja á Íslandi árið 2006 hafi verið samtals yfir 16 þúsund.

Skipulag móta í meistaraflokki

Skipulag landsmóta í meistaraflokki var með hefðbundnum hætti árið 2006. Í Landsbankadeild kvenna þurfti þó að skipta um lið í lok mars, þegar ÍBV hætti þátttöku og Þór/KA tók sæti þeirra. Í 3. deild karla var nauðsynlegt, líkt og árið áður, að víkja frá hefðbundinni skiptingu í riðlakeppni vegna breyttrar þátttöku.

Leikið var með nýju sniði í VISA-bikar karla og hófu liðin í Landsbankadeildinni þátttöku í 16-liða úrslitum í stað 32-liða úrslita áður. Keppni í Deildarbikar karla og kvenna var með sama sniði og árið áður, en úrslitakeppni A-deildar karla var þó minnkuð til að fækka um einn leikdag (4 lið í úrslitum í stað 8 liða áður).

Sífelldu eru gerðar meiri kröfur til félaga m.a. um framkvæmd leikja, sérstaklega í Landsbankadeild karla og VISA-bikar karla, ekki síst með tilkomu leyfiskerfis KSÍ. Líklegt er að leyfiskerfið muni jafnt og þétt hafa áhrif í öðrum deildum, t.d. 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna.

Aðsókn í Landsbankadeild karla

Nýtt áhorfendamet var sett í Landsbankadeild karla, en alls komu 98.026 manns á leikina 90 eða að meðaltali 1.089 manns á leik. Eldra met var frá árinu 2001, þegar 96.850 manns komu á leikina í deildinni sem gerir 1.076 að meðaltali.

Landsbankadeild karla	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Áhorfendur samtals	98.026	96.332	92.376	92.250	89.660	96.845	80.937	80.762	65.517
Meðaltal á leik	1.089	1.070	1.026	1.025	996	1.076	899	897	728

Mikil spenna var fyrir leiki lokaumferðar, en þá komu 5.258 áhorfendur á leikina. Fimm félög fengu yfir 1.000 áhorfendur að meðaltali á heimaleiki sína og fóru Íslandsmeistarar FH þar fremstir í flokki með 1.948 að meðaltali. Þess má geta að fleiri en 2.000 áhorfendur sóttu sex leiki í Kaplakrika. FH-ingar voru einnig duglegastir við að fylgja liði sínu til leiks á útivelli, 1.413 mættu að meðaltali á útileiki FH. Best sótti leikur Landsbankadeildarinnar 2006 var strax í fyrstu umferð, þegar KR tók á móti FH og komu 3.153 áhorfendur á þann leik. ÍBV fékk hins vegar að jafnaði fæsta áhorfendur eða 600 að meðaltali.

Íslandsmót yngri flokka

Mótahald var að mestu með hefðbundnu sniði og gekk ágætlega. Gert var tveggja vikna hlé á mótahaldi um mánaðamótin júlí/ágúst í 4. flokki og yngri aldursflokkum. Virtist það mælast afar vel fyrir og líklegt að fyrirkomulagi verði haldið áfram. Leikið var í annað skipti eftir breyttri aldursflokkskiptingu kvenna og eins og fyrirséð var urðu talsverðir árekstrar milli 2. flokks og meistaraflokks. Af 13 liðum sem tilkynntu þátttöku í 2. flokki luku 10 keppni, en 15 lið luku keppni fyrir aldursflokksbreytinguna. Ljóst er að það mun taka nokkur ár að ná jafnvægi aftur í tengslum 2. flokks og meistaraflokks kvenna.

Vanræksla, agabrot og sektir

Í reglugerðum er kveðið á um sektir af ýmsum tilefnum. Að venju voru sektir hæstar vegna agamála og vanrækslu á að skrá úrslit og leikskýrslur í gagnagrunn KSÍ á réttum tíma. Einnig var um verulegar sektir að ræða vegna ólöglegra leikmanna, seinna úrsagna úr mótum, vegna liða sem ekki mættu til leiks og vegna vanskila á leikskýrslum. Í vissum tilfellum ákveða dómstólar KSÍ einnig sektir. Heildarsektir á félögin voru kr. 2.673.827 árið 2006, en voru kr. 2.244.665 árið áður. Til viðbótar ganga kr. 737.000 milli félaga vegna liða sem ekki komu til leiks.

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
Fjöldi liða sem hættu þátttöku	39	44	33	32	34	31	30	27
Fjöldi leikja þar sem lið kom ekki	21	10	11	7	16	12	25	15

5 liðum var vísað úr móti samkvæmt reglugerð þar sem viðkomandi lið mætti ekki til leiks í tvígang.

Ársskýrsla KSÍ 2006

KRR-mót og Faxaflóamót

KSÍ annast skipulagningu þessara umfangsmiklu móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í eftirfarandi töflu. Þó nokkur fækkun var á leikjum í KRR mótum sem skýrist af breyttu mótafyrirkomulagi í hraðmótum yngstu aldursflokka. Einnig var hætt með keppni í 1. aldursflokki Reykjavíkurmótsins.

Heildarfjöldi leikja	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998
KRR-mót	1.927	2.105	2.075	2.104	1.753	1.295	1.139	1.053	982
Faxaflóamót	1.065	1.016	1.252	1.131	711				

Bent skal á að héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á landssvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ - með sama hætti og KRR og Faxaflóafélögin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

Lokaorð

Mótanefnd KSÍ og starfsfólk mótamála þakkar ánægjulegt samstarf við aðildarfélög sambandsins.

Halldór B. Jónsson, formaður

Þátttaka í mótum utanhúss 2006 - Fjöldi liða

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996
Meistaraflokkur karla	67	63	63	62	55	53	52	55	57	59	64
U23 karla	15	13	16	16	16	12	12	14	9	9	10
Eldri flokkur karla 30+	10	10	15	15	17	18	18	18	17	19	22
Eldri flokkur karla 40+	15	15	14	10	11						
1. flokkur karla	0	0	0	11	19	14	16	16	18	18	18
2. flokkur karla	29	30	29	31	26	30	29	28	26	27	29
2. flokkur karla B lið	6	5	3								
3. flokkur karla	36	35	40	37	34	33	28	32	31	32	32
3. flokkur karla B lið	16	15	13	10	9	5					
3. flokkur karla 7 manna	7	3	4	8	9	19	19	23	26	21	26
4. flokkur karla A lið	40	43	43	38	38	33	28	29	27	29	32
4. flokkur karla B lið	24	27	24	20	14	15	15	11	8	12	13
4. flokkur karla C lið	11	0	6	5	6	6					
4. flokkur karla 7 manna	15	16	15	14	16	23	29	30	29	31	32
5. flokkur karla A lið	49	53	52	58	54	47	46	50	47	44	47
5. flokkur karla B lið	45	46	45	46	44	39	41	40	36	37	38
5. flokkur karla C lið	28	28	27	23	27	26	25	27	22	19	18
5. flokkur karla D lið	23	25	27	19	19	15					
6. flokkur karla A lið	40	51	43	46	46	46	45	45	42	44	42
6. flokkur karla B lið	38	39	39	35	44	35	34	36	37	36	35
6. flokkur karla C lið	24	25	33	25	26	26					
6. flokkur karla D lið	22	22	24	25	20	13					
Alls karla	560	564	575	554	550	508	437	454	432	437	458
Meistaraflokkur kvenna	22	20	21	23	20	17	19	22	21	22	22
2. flokkur kvenna	10	11	15	14	13	13	13	13	13	13	16
2. flokkur kvenna 7 manna	4	5	10	6	8	6					
3. flokkur kvenna	20	22	23	21	17	16	14	14	9	13	21
3. flokkur kvenna 7 manna	14	13	18	17	16	16	19	20	20	20	12
4. flokkur kvenna A lið	22	22	34	33	33	32	30	27	28	29	25
4. flokkur kvenna B lið	9	6	25	19	20	18	15	16	15	15	15
4. flokkur kvenna C lið	0	0	11	6	3	5					
4. flokkur kvenna 7 manna	18	20									
5. flokkur kvenna A lið	32	41	35	27	24	27	29	22	17	20	23
5. flokkur kvenna B lið	23	30	32	17	17	22	16	17	11	13	17
5. flokkur kvenna C lið	18	15				5					
6. flokkur kvenna A lið	32	33									
6. flokkur kvenna B lið	25	26									
6. flokkur kvenna C lið	7										
Alls kvenna	256	264	224	183	171	177	155	151	134	145	151
Alls þátttaka	816	828	799	737	721	685	592	605	566	582	609

Ársskýrsla KSÍ 2006

Sigurvegarar í mótum 2006			
Íslandsmót			
Landsbankadeild karla	FH	Landsbankadeild kvenna	Valur
1. deild karla	Fram	1. deild kvenna	Fjölpir
2. deild karla	Fjarðabyggð		
3. deild karla	Höttur		
Eldri flokkur karla 30+	Breiðablik		
Eldri flokkur karla 40+	Breiðablik		
U23 karla	Breiðablik		
2. flokkur karla	FH	2. flokkur kvenna	Stjarnan
2. flokkur karla B-lið	Víkingur R.	2. flokkur kvenna 7	Ægir
3. flokkur karla	Þór	3. flokkur kvenna	Breiðablik
3. flokkur karla B-lið	KR		
			Þróttur R.
3. flokkur karla 7 manna	Einherji	3. flokkur kvenna 7 manna	R.
4. flokkur karla	FH	4. flokkur kvenna	Valur
4. flokkur karla B-lið	Fylkir	4. flokkur kvenna B-lið	Valur
4. flokkur karla C-lið	KR		
4. flokkur karla 7 manna	Grundarfjörður	4. flokkur kvenna 7 manna	Sindri
5. flokkur karla A+B-lið	Breiðablik	5. flokkur kvenna A+B-lið	Stjarnan
5. flokkur karla C-lið	Fylkir	5. flokkur kvenna C-lið	Breiðablik
5. flokkur karla D-lið	Stjarnan		
6. flokkur karla - Pollamót A-lið SV	ÍBV	6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið SV	ÍR
6. flokkur karla - Pollamót B-lið SV	Afturelding	6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið SV	Breiðablik
6. flokkur karla - Pollamót C-lið SV	Fylkir	6. flokkur kvenna - Hnátumót C-lið SV	FH-2
6. flokkur karla - Pollamót D-lið SV	Grótta		
6. flokkur karla - Pollamót A-lið NL/AL	Leiftur	6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið NL/AL	KS
6. flokkur karla - Pollamót B-lið NL/AL	Þór	6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið NL/AL	KA
Bikarkeppni			
VISA-bikar karla	Keflavík	VISA-bikar kvenna	Valur
2. flokkur karla	FH	2. flokkur kvenna	KR
3. flokkur karla SV	Fylkir	3. flokkur kvenna SV	Breiðablik
3. flokkur karla AL/NL	Þór	3. flokkur kvenna NL	Þór
Deildarbikarkeppni KSÍ			
Meistaraflokkur karla - A deild	FH	Meistaraflokkur kvenna - A deild	Breiðablik
Meistaraflokkur karla - B deild	Stjarnan	Meistaraflokkur kvenna - B deild	Þór/KA
Meistaraflokkur karla - C deild	Hvíti riddarinn	Meistaraflokkur kvenna - C deild	GRV
Meistarakeppni KSÍ			
Meistaraflokkur karla	Valur	Meistaraflokkur kvenna	Breiðablik

Tölur yfir áhorfendur í Landsbankadeildinni 2006

	KR	Fylkir	Grin	ÍBV	ÍA	Keflavík	Valur	Víkingur	Breiðabl.	FH	Alls heima	Meðalt. heima
FH	2.017	970	1.327	1.172	2.410	2.162	2.638	2.350	2.490		17.536	1.948
KR		1.567	1.007	1.022	1.675	1.283	1.318	1.028	1.085	3.153	13.138	1.460
Keflavík	1.475	380	2.007	736	1.075		1.018	850	727	2.070	10.338	1.149
ÍA	1.333	1.153	1.032	855		1.093	884	1.015	871	1.302	9.538	1.060
Víkingur	1.240	1.199	950	583	1.128	902	1.431		984	936	9.353	1.039
Breiðablik	1.304	694	1.050	510	820	987	1.493	834		850	8.542	949
Fylkir	1.297		930	673	755	615	1.188	564	1.044	1.234	8.300	922
Grindavík	673	805		753	1.336	960	783	719	812	1.317	8.158	906
Valur	1.573	811	556	715	1.204	417		878	424	1.146	7.724	858
ÍBV	613	253	514		642	733	727	611	593	713	5.399	600
Alls úti	9.508	7.832	9.373	7.019	11.045	9.152	11.480	8.849	9.030	12.721	98.026	

Ársskýrsla KSÍ 2006

Meðalt. úti 1.281 870 1.041 780 1.227 1.017 1.276 983 1.003 1.413

1.089

Deildarkeppni karla og kvenna 2006

Landsbankadeild karla 2006

	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	FH	18	10	6	2	31 - 14	17	36
2	KR	18	9	3	6	23 - 27	-4	30
3	Valur	18	7	8	3	27 - 18	9	29
4	Keflavík	18	6	6	6	30 - 20	10	24
5	Breiðablik	18	6	5	7	27 - 33	-6	23
6	ÍA	18	6	4	8	27 - 30	-3	22
7	Víkingur R.	18	5	6	7	21 - 18	3	21
8	Fylkir	18	5	6	7	22 - 25	-3	21
9	Grindavík	18	4	7	7	24 - 26	-2	19
10	ÍBV	18	5	3	10	18 - 39	-21	18

Landsbankadeild kvenna 2006

	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	Valur	14	13	0	1	90 - 8	82	39
2	Breiðablik	14	12	0	2	64 - 14	50	36
3	KR	14	10	0	4	81 - 23	58	30
4	Stjarnan	14	8	0	6	36 - 25	11	24
5	Keflavík	14	7	0	7	43 - 34	9	21
6	Fylkir	14	4	0	10	15 - 82	-67	12
7	Þór/KA	14	1	0	13	15 - 68	-53	3
8	FH	14	1	0	13	6 - 96	-90	3

1. deild karla 2006

	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	Fram	18	13	2	3	32 - 14	18	41
2	HK	18	10	2	6	30 - 18	12	32
3	Fjölnir	18	8	5	5	23 - 15	8	29
4	Þróttur R.	18	9	2	7	21 - 18	3	29
5	Stjarnan	18	6	6	6	26 - 23	3	24
6	KA	18	6	3	9	22 - 25	-3	21
7	Víkingur Ó.	18	4	7	7	16 - 22	-6	19
8	Þór	18	5	4	9	16 - 38	-22	19
9	Leiknir R.	18	4	6	8	21 - 25	-4	18
10	Haukar	18	4	5	9	20 - 29	-9	17

2. deild karla 2006

	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	Fjarðabyggð	18	14	2	2	39 - 12	27	44
2	Njarðvík	18	13	4	1	46 - 13	33	43
3	Reynir S.	18	9	5	4	37 - 18	19	32
4	Selfoss	18	7	6	5	26 - 18	8	27
5	ÍR	18	8	3	7	36 - 32	4	27
6	Völsungur	18	6	4	8	24 - 32	-8	22
7	Afturelding	18	5	3	10	27 - 41	-14	18
8	KS/Leiftur	18	4	4	10	24 - 34	-10	16
9	Sindri	18	3	3	12	19 - 60	-41	12
10	Huginn	18	2	4	12	25 - 43	-18	10

Úrslitakeppni 3. deildar karla

8 liða úrslit – Fyrri leikir

Magni - Hvöt	Grenivíkurvöllur	2-0
Kári – Hvíti riddarinn	Akranesvöllur	2-0
Gróttá - ÍH	Gróttuvöllur	1-1
Víðir - Höttur	Garðsvöllur	2-2

8 liða úrslit – Seinni leikir

Hvöt - Magni	Blönduósvöllur	2-0
Hvíti riddarinn - Kári	Varmárvöllur	3-3
ÍH - Gróttá	Hamarsvöllur	5-0
Höttur - Víðir	Vilhjálmsvöllur	2-1

Undanúrslit – Fyrri leikir

Kári - Höttur	Akranesvöllur	1-1
ÍH - Magni	Hamarsvöllur	1-2

Undanúrslit – Seinni leikir

Höttur - Kári	Vilhjálmsvöllur	2-0
Magni - ÍH	Grenivíkurvöllur	2-2

Leikur um 3. sæti

ÍH - Kári	Kaplakrikavöllur	5-0
-----------	------------------	-----

Úrslitaleikir

Höttur - Magni	Vilhjálmsvöllur	3-2
----------------	-----------------	-----

Höttur, Magni og ÍH færast úr 3. deild karla upp í 2. deild

Úrslitakeppni 1. deildar kvenna

Undanúrslit – Fyrri leikir

ÍR - Magni	ÍR-völlur	3-1
Völsungur - Fjölnir	Húsavíkurvöllur	0-3

Undanúrslit – Seinni leikir

Magni - ÍR	Grenivíkurvöllur	1-3
Fjölnir - Völsungur	Fjölnisvöllur	6-1

Úrslitaleikir

ÍR - Fjölnir	Leiknisvöllur	0-1
--------------	---------------	-----

Fjölnir færast úr 1. deild kvenna upp í Landsbankadeild

Aukakeppni kvenna

Fyrri leikir

Þór/KA – ÍR *	Akureyrarvöllur	3-0
---------------	-----------------	-----

Seinni leikir

ÍR - Þór/KA	ÍR-völlur	1-0
-------------	-----------	-----

* Leikur vannst á kærú

Þór/KA færast úr 1. deild kvenna upp í Landsbankadeild

VISA-bikar karla

1. umferð

Reynir S. - Tunglið	Sandgerðisvöllur	4-0
Afturelding - UMFL	Varmárvöllur	4-2
KE – Boltaf. Norðfj.	Fellavöllur	1-4
Neisti H. - Magni	Hofsósvöllur	0-7
Dalvík/Reynir - Tindastóll	Boginn	1-6
Léttir - Kjalnesingar	Framvöllur	1-2
GG - Skallagrímur	Grindavíkurvöllur	1-2
Gróttá - Afríka	KR-völlur	5-1
Hrunamenn - Árborg	Eyrabakkavöllur	1-7
ÍH - Elliði	Ásvellir	4-1
Kári - Ýmir	Akranesvöllur	4-1
Vinir – Snörtur	Boginn	6-1
Hvöt - Hamrarnir	Blönduósvöllur	2-0
Drangur - Hamar	Stokkseyrarvöllur	2-1
Víðir – Hvíti riddarinn	Garðsvöllur	3-4
KFS - Ægir	Helgafellsvöllur	5-0

2. umferð

Sindri – Boltaf. Norðfj.	Sindravellir	5-3
Reynir S. - Drangur	Sandgerðisvöllur	1-2
Neisti D. - Fjarðabyggð	Djúpavogsvöllur	0-3
KA – KS/Leiftur	KA-völlur	4-1
Vinir - Þór	Árskógsvöllur	1-2
Tindastóll - Völsungur	Sauðárkróksvöllur	3-0
ÍR - Árborg	ÍR-völlur	2-1
Selfoss - KFS	Selfossvöllur	5-1
Njarðvík – Kjalnesingar	Njarðvíkurvöllur	7-1
Skallagrímur - Afturelding	Skallagrímsvöllur	2-3
Höttur - Leiknir F.	Vilhjálmsvöllur	2-0
Magni - Hvöt	Grenivíkurvöllur	3-2
KV - Kári	KR-völlur	4-3
ÍH – Gróttá *	Hamarsvöllur	3-3
Bí/Bolungarvík - Hvíti riddarinn	Torfsnesvöllur	1-4

* ÍH sigraði í vítaspymukeppni, 6-5

3. umferð

Fram - Fjölnir	Laugardalsvöllur	4-0
ÍR - Stjarnan	ÍR-völlur	3-0
Huginn – Fjarðabyggð *	Seyðisfjarðarvöllur	2-2
Þróttur R. – Víkingur Ó.	Valbjarnarvöllur	3-1
HK – Hvíti riddarinn	Kópavogsvöllur	4-0
ÍH – Leiknir R.	Hamarsvöllur	2-4
Drangur - Haukar	Ásvellir	0-5
Njarðvík - Selfoss	Njarðvíkurvöllur	4-0
Þór - Tindastóll	Boginn	6-1
Afturelding - KV	Varmárvöllur	6-1
KA - Magni	KA-völlur	7-0
Sindri - Höttur	Sindravellir	3-1

* Fjarðabyggð sigraði í vítaspymukeppni, 3-4

4. umferð

Fjarðabyggð - Sindri	Eskifjarðarvöllur	3-2
Þróttur R. - HK	Valbjarnarvöllur	2-1
ÍR - Leiknir R.	ÍR-völlur	0-2
Afturelding - Njarðvík	Varmárvöllur	1-2
KA - Þór	Akureyrarvöllur	2-1
Haukar - Fram	Ásvellir	1-5

16-liða úrslit

Fjarðabyggð - Valur	Eskifjarðarvöllur	0-2
KA - Breiðablik	Akureyrarvöllur	3-2
Njarðvík - KR	Njarðvíkurvöllur	0-1
FH – Víkingur R.	Kaplakrikavöllur	1-2
Fram - ÍA	Laugardalsvöllur	2-3
Fylkir - ÍBV	Fylkisvöllur	1-2
Þróttur R. - Grindavík	Valbjarnarvöllur	2-1
Leiknir R. - Keflavík	Leiknisvöllur	0-3

8-liða úrslit

ÍA - Keflavík	Akranesvöllur	3-4
KA – Þróttur R.	Akureyrarvöllur	1-5
Valur – Víkingur R.	Laugardalsvöllur	1-2
KR - ÍBV	KR-völlur	1-1

Undanúrslit

Víkingur R. - Keflavík	Laugardalsvöllur	0-4
Þróttur R. - KR	Laugardalsvöllur	0-1

Úrslitaleikur

KR - Keflavík	Laugardalsvöllur	0-2
---------------	------------------	-----

VISA-bikar kvenna

1. umferð

ÍR - GRV	ÍR-völlur	4-1
Höttur – Þór/KA	Vilhjálmsvöllur	0-3
Haukar - Ægir	Ásvellir	7-0

2. umferð

Þróttur R. - Stjarnan	Valbjarnarvöllur	0-6
FH - ÍR	Kaplakrikavöllur	1-5
HK/Víkingur - Fylkir	Fagrilundur	2-1
Þór/KA - Keflavík	Akureyrarvöllur	0-4
Haukar – Fjölnir	Ásvellir	0-2

8-liða úrslit

KR - Valur	KR-völlur	0-3
HK/Víkingur - Fjölnir	Víkingsvöllur	0-2
Breiðablik - Keflavík	Kópavogsvöllur	2-0
Stjarnan - ÍR	Stjörnuvöllur	7-1

Undanúrslit

Valur - Stjarnan	Valbjarnarvöllur	2-1
Breiðablik - Fjölnir	Kópavogsvöllur	2-0

Úrslitaleikur

Breiðablik – Valur *	Laugardalsvöllur	3-3
----------------------	------------------	-----

* Valur sigraði í vítaspymukeppni, 1-4

VISA-bikar karla 2006
Útkoma í krónum – Hagnaður eða tap

				Úrslit	Útkoma
16 - liða úrslit					
sun. 02. júl.	16:00	Fjarðabyggð - Valur	Eskifjarðarvöllur	0-2	-199.900
sun. 02. júl.	19:15	KA - Breiðablik	Akureyrarvöllur	3-2	-247.170
sun. 02. júl.	19:15	Njarðvík - KR	Njarðvíkurvöllur	0-1	86.913
sun. 02. júl.	19:15	FH - Víkingur R.	Kaplakrikavöllur	1-2	212.660
sun. 02. júl.	19:15	Fram - ÍA	Laugardalsvöllur	2-3	150.000
mán. 03. júl.	19:15	Fylkir - ÍBV	Fylkisvöllur	1-2	-136.280
mán. 03. júl.	19:15	Þróttur R. - Grindavík	Valbjarnarvöllur	2-1	64.155
fim. 06. júl.	19:15	Leiknir R. - Keflavík	Leiknisvöllur	0-3	22.725
					-46.897
8 - liða úrslit					
sun. 23. júl.	19:15	ÍA - Keflavík	Akranesvöllur	3-4	417.078
sun. 23. júl.	19:15	KA - Þróttur R.	Akureyrarvöllur	1-5	-194.120
sun. 23. júl.	19:15	Valur - Víkingur R.	Laugardalsvöllur	1-2	433.368
mán. 24. júl.	19:15	KR - ÍBV	KR-völlur	1-1	251.496
					907.822
4 - liða úrslit					
mán. 28. ágú.	20:00	Víkingur R. - Keflavík	Laugardalsvöllur	0-4	354.552
þri. 29. ágú.	20:00	Þróttur R. - KR	Laugardalsvöllur	0-1	635.732
					990.284
Úrslitaleikur					
lau. 30. sep.	14:00	KR - Keflavík	Laugardalsvöllur	0-2	1.988.014
					5.690.432

VISA-bikar karla 2006
Fjöldi áhorfenda

VISA-bikar karla 2006

16 - liða úrslit					Áhorfendur
sun. 02. júl.	16:00	Fjarðabyggð - Valur	Eskifjarðarvöllur	0-2	270
sun. 02. júl.	19:15	KA - Breiðablik	Akureyrarvöllur	3-2	305
sun. 02. júl.	19:15	Njarðvík - KR	Njarðvíkurvöllur	0-1	234
sun. 02. júl.	19:15	FH - Víkingur R.	Kaplakrikavöllur	1-2	512
sun. 02. júl.	19:15	Fram -ÍA	Laugardalsvöllur	2-3	670
mán. 03. júl.	19:15	Fylkir - ÍBV	Fylkisvöllur	1-2	362
mán. 03. júl.	19:15	Þróttur R. - Grindavík	Valbjarnarvöllur	2-1	237
fim. 06. júl.	19:15	Leiknir R. - Keflavík	Leiknisvöllur	0-3	317

8 - liða úrslit

sun. 23. júl.	19:15	ÍA - Keflavík	Akranesvöllur	3-4	1.399
sun. 23. júl.	19:15	KA - Þróttur R.	Akureyrarvöllur	1-5	400
sun. 23. júl.	19:15	Valur - Víkingur R.	Laugardalsvöllur	1-2	1.202
mán. 24. júl.	19:15	KR - ÍBV	KR-völlur	1-1	1.113

4 - liða úrslit

mán. 28. ágú.	20:00	Víkingur R. - Keflavík	Laugardalsvöllur	0-4	1.306
þri. 29. ágú.	20:00	Þróttur R. - KR	Laugardalsvöllur	0-1	2.105

Úrslitaleikur

lau. 30. sep.	14:00	KR - Keflavík	Laugardalsvöllur	0-2	4.699
---------------	-------	---------------	------------------	-----	-------

Skýrsla dómara nefndar

Nefndin var óbreytt frá fyrra ári: Halldór B Jónsson, formaður, Ingi Jónsson, varaformaður, Eyjólfur Ólafsson, Eysteinn Guðmundsson, Kári Gunnlaugsson og Sigurður Hannesson. Birkir Sveinsson, mótastjóri, annaðist umsjón dómaramála KSÍ, en Klara Bjartmarz og Halldór Örn Þorsteinsson sinntu einnig margvíslegum verkefnum á því sviði.

Flokkun A, B og C deildardómara

Einar Örn Daníelsson bættist í A-hóp dómara 2006. Bragi V. Bergmann lét af störfum á árinu eftir löng og þrálát meiðsli og Gylfi Þór Orrason færðist úr A-hóp í B-hóp að eigin ósk. Upp í B-hóp færðust Ólafur Kjartansson, Þóroddur Hjaltalín og Örvar Sær Gíslason. Nýir C-dómarar urðu Eysteinn Kristinsson, Guðmundur Ársæll Guðmundsson, Jóhann G. Guðmundsson og Magnús Jón Björgvinsson.

Í árslok 2006 var lokið flokkun ABC-dómara fyrir árið 2007. Sævar Jónsson mun bæstast í A-hóp dómara og Oddbergur Eiríksson í A-hóp aðstoðardómara. Frosti Viðar Gunnarsson og Valgeir Valgeirsson færast upp í B-hóp dómara og Jóhann G. Guðmundsson, Reynir Þór Valgarðsson og Þorvaldur Árnason verða B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar verða Elías Már Guðnason, Gylfi Már Sigurðsson, Halldór Breiðfjörð (að nýju), Magnús Jónasson, Smári Stefánsson, Vilhjálmur A. Þórarinsson, svo og Guðmundur Valgeirsson sem aðstoðardómari. Garðar Hauksson hætti dómgaeslu vegna náms erlendis og Ingólfur Hjaltason, Fáskrúðsfirði, lætur af störfum vegna aldurstakmarka eftir langan og farsælan feril.

Fjölgað hefur verið í hópi A, B, og C-dómara undanfarin ár, m.a. vegna aukinna verkefna dómara í þessum hópi hjá U23-liðum og 2. flokki karla. Árið 2007 verður síðan leikið í 12 liða 1. deild karla, sem kallar á 126 ný störf dómara og aðstoðardómara. Árið 2007 verða 48 dómarar í þessum hópi, en þeir voru 38 árið 2001.

Störf A, B og C deildardómara

Innlend KSÍ-störf ABC-dómara	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
• Störf sem dómari	680	687	686	655	667	556	555	588
• Störf sem aðstoðardómari	537	606	609	647	612	569	589	596
• Störf sem varadómari	42	36	29	28	32	34		
• Verkefni samtals	1.259	1.329	1.324	1.330	1.311	1.159	1.144	1.184

Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokkum, U23 karla og í 2. flokki karla. Ótalin eru þá alþjóðleg störf dómara, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir eigin félaga, æfingaleikir og innanhússmót.

Aðrir KSÍ dómarar

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf sem dómarar í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D-dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

Innlend KSÍ-störf D-dómara	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
• Störf sem dómari	283	270	249	297	157	156	170	162
• Störf sem aðstoðardómari	745	742	694	693	694	644	599	613
• Verkefni samtals	1.028	1.012	948	990	851	800	769	775

Þess ber að geta að D-dómarar sinna einnig fjölda leikja í U23 og 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum eigin félaga, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innanhússmótum.

Milliríkjadómarar og erlend verkefni

Íslenskir dómarar á milliríkjalista FIFA voru þessir árið 2006 (óbreytt frá fyrra ári):

FIFA-dómarar: Egill Már Markússon, Garðar Örn Hinriksson, Jóhannes Valgeirsson, Kristinn Jakobsson.

FIFA-aðstoðardómarar: Einar Sigurðsson, Eyjólfur Finnsson, Gunnar Sv. Gunnarsson, Gunnar Gylfason, Ingvar Guðfinnsson, Pjetur Sigurðsson og Sigurður Óli Þórleifsson.

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2006 koma fram í sérstöku yfirliti.

Norræn dómarskipti

Norræn dómarskipti hófust 2005 í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu ungra og efnilegra dómara. Erlendur Eiríksson tók þátt í samstarfinu 2006 og dæmdi í næst efstu deildum í Svíþjóð og

Finnlandi, 1 leik í hvoru landi. Á Íslandi dæmdu Páll Augustinussen frá Færeyjum og Vesa Hätilä frá Finnlandi sinn leikinn hvor í 1. deild karla.

Æfingaferðir dómara

9 dómarar fóru til Portúgals og Spánar í viku í mars og apríl og dæmdu leiki íslenskra liða sem þar voru í æfingaferðum á vegum Úrvals-Útsýnar.

Kröfur til dómara

Deildardómarar gangast undir þrekpróf að minnsta kosti tvisvar á ári og er ekki raðað til frekari starfa fyrr en seinna þrekprófi er lokið (oftast í apríl). FIFA kynnti á árinu 2006 nýtt þrekpróf fyrir dómara, sem ætlast er til að notuð sé frá og með 2007. Ákveðið var að nota óbreytt þrekpróf árið 2006, en taka upp hið nýja fyrirkomulag hér á landi á árinu 2007.

Landsdómararáðstefna og fræðslufundir

Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram í lok apríl og var haldin á Selfossi í fjórða sinn. Erlendur fyrirlesari var að þessu sinni Íslandsvinurinn Keith Hackett, sem er yfirmaður dómaramála í Premier League í Englandi. Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri. Hæfileikamótun 3 ungra dómara fór fram að Laugarvatni í ágúst í tengslum við úrtökumótið.

Unglingadómaranámskeið

Námskeið fyrir verðandi dómara voru haldin með aðstoð netsins líkt og gert hefur verið frá árinu 2001 og voru þau í febrúar, maí og nóvember. Einnig er samstarf við íþróttaskor KHÍ um að nemendur ljúki unglingadómaraprófi. Alls luku 227 dómaraefni unglingadómaraprófi 2006 og hafa aldrei eins margir dómarar verið útskrifaðir á einu ári.

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
Fjöldi nýrra unglingadómara	227	169	167	165	104	140	92	109

Ráðstefnur og námskeið erlendis

Gylfi Þór Orrason og Ingi Jónsson sóttu námskeið í boði enska knattspyrnusambandsins með þarlandum úrvalsdeildardómurum og eftirlitsmönnum. Ingi Jónsson sótti einnig námskeið á vegum UEFA fyrir kennara í dómarafræðum. Halldór B. Jónsson tók þátt í árlegri ráðstefnu danskra dómara í janúar og sat einnig ráðstefnu sænsku dómara nefndarinnar í ágúst. Ingi Jónsson sat fund norrænu nefndarinnar um knattspyrnulögin.

Eftirlit með leikjum og störfum dómara

44 eftirlitsmenn störfuðu við 294 leiki í landsdeildum og bikarkeppni 2006. Þeir gerðu skýrslur um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Landsbankadeild karla. Fundir með eftirlitsmönnum voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri.

Kostnaður vegna dómgæslu og eftirlits 2006

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu 2006 voru 27,4 mkr, en þar af greiddu félögin um 7,8 mkr vegna ferða og upphalds dómara (jöfnunarsjóðir). Stærsti liður var launagreiðslur til dómara (ásamt tryggingargjaldi og framlagi í lífeyrissjóð) 14,2 mkr. Til viðbótar kom kostnaður að upphæð 2 mkr vegna eftirlits KSÍ á leikjum (ferðir og upphald), en þar voru ekki greidd laun.

Dómarasáttmáli UEFA

Unnið var að umsókn KSÍ að dómarasáttmála UEFA. Ísland varð ekki fyrir valinu í fyrsta hóp landa sem tekur þátt í þessu verkefni, en líklegt er að umsókn KSÍ verði tekin gild árið 2007. Þau sambönd sem taka þátt í þessu verkefni vinna eftir leiðbeiningum frá UEFA, sem miða að því að unnið verði betur og markvissar að dómaramálum í viðkomandi landi.

Námskeið í Futsal

Futsal er alþjóðlegt heiti á innanhússknattspyrnu þar sem leikið er eftir reglum FIFA. Í október var haldið hér á landi námskeið á vegum FIFA fyrir verðandi dómara í Futsal og tóku 12 þátt. Námskeiðið tókst vel og var mjög nauðsynlegt í undirbúningi þeirra breytinga á innanhússknattspyrnu, sem munu eiga sér stað hér á landi á næstu árum.

Lokaorð

Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakkar aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf árið 2006.

Halldór B. Jónsson, formaður

Flokkun og verkefni deildardómara KSÍ

Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara

Skýrsla aganefndar

Aganefnd Knattspyrnusambandsins síðastliðið starfsár skipuðu Þórarinn Gunnarsson, formaður, Gunnar Guðmundsson, Sigurður Halldórsson, Einar M. Árnason, Helgi R. Magnússon og Þröstur Ríkharðsson. Starfsmaður aganefndar var Klara Bjartmarz.

Fjöldi spjalda

Milli ára varð smávægileg breyting á fjölda spjalda í leikjum í 11 manna bolta. Meðaltal gulra spjalda lækkaði úr 1,99% í 1,96% og rauðum spjöldum fækkaði einnig lítillega, úr 0,21 í 0,18 að meðaltali.

Landsbankadeild kvenna

FH var þrúðasta liðið í Landsbankadeild kvenna síðastliðið keppnistímabil, en liðið hlaut einungis 3 gul spjöld í leikjum sínum í deildinni og ekkert rautt spjald. Í heild voru veitt 76 gul spjöld í deildinni og 6 rauð. Þetta er fjölgun á gulum spjöldum frá 2005, en það ár voru veitt 70 gul spjöld. Hins vegar var fækkun á rauðum spjöldum frá árinu 2005, en þá ár voru veitt 11 rauð spjöld.

Landsbankadeild karla

Gulum og rauðum spjöldum í Landsbankadeild karla fjölgaði talsvert á milli ára. Á síðasta tímabili voru veitt 346 gul spjöld eða 3,84 að meðaltali í leik, en þau rauðu voru 28, eða 0,31 að meðaltali í leik. Árið 2005 voru veitt 287 gul spjöld í deildinni (3,19 í leik) og 24 rauð (0,27).

Drago-styttur

Drago-stytturnar eru veittar háttvísustu liðunum í tveimur efstu deildum karla. Valur hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2006 á grundvelli háttvísímats eftirlitsmanna KSÍ en gul og rauð spjöld vega þungt í því mati. HK hlýtur styttuna í 1. deild karla á grundvelli fjölda gulra og rauðra spjalda.

Sektir

Sektir vegna refsistiga og brottvísunar þjálfara og forystumanna námu 524 þúsund króna árið 2006, sem er talsverð lækking frá árinu á undan (623 þúsund). Jafnframt er sektarákvæðum m.a. beitt vegna ónógrar gæslu og vegna ósæmilegrar hegðunar þjálfara, forystumanna og aðstandenda. Á árinu var níu sinnum sektað vegna þessa, samtals kr. 170.000, en árið 2005 námu þessar sektir 60.000 krónum. Hér á eftir fylgir einnig listi yfir sektargreiðslur félaga vegna refsistiga og brottvísana af varamannabekk.

Lokaorð

Samstarfsmönnum í aganefnd og Klöru Bjartmarz, starfsmanni nefndarinnar, er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis öðru starfsfólki sambandsins, stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

Þórarinn Gunnarsson, formaður

Sektir aganefndar vegna refsistiga og brottvikninga af varamannabekk

Félag	Sekt	Félag	Sekt	Félag	Sekt
Afríka	12.000	ÍBV	10.000	Selfoss	11.000
Afturelding	11.000	ÍH	12.000	Sindri	16.000
BÍ/Bolungarvík	6.000	ÍR	10.000	Skallagrímur	10.000
Breiðablik	12.000	Kári	24.000	Snæfell	18.000
Dalvík/Reynir	4.000	Keflavík	14.000	Stjarnan	16.000
FH	1.000	KR	18.000	Tindastóll	8.000
Fjölnir	1.000	KS	2.000	Valur	9.000
Fylkir	9.000	KS/Leiftur	2.000	Vinir	24.000
GG	6.000	KV	20.000	Víðir	18.000
Gróttá	10.000	Leiknir F.	4.000	Víkingur Ó.	18.000
Hamrarnir	8.000	Leiknir R.	8.000	Víkingur R.	27.000
Haukar	24.000	Léttir	2.000	Ýmir	14.000
HK	3.000	Magni	8.000	Þór	17.000
HK/Ýmir	17.000	Neisti D.	6.000	Þór/KA	10.000
Hvíti riddarinn	6.000	Njarðvík	2.000	Þróttur R.	24.000
Höttur	2.000	Reynir S.	10.000		
				Samtals	524.000

Ársskýrsla KSÍ 2006

Fjöldi spjalda í mótum 2006

Mót	Fjöldi leikja	Gul	Rauð	Meðalt. gul	Meðalt. rauð
Landsbankadeild karla	90	346	28	3,84	0,31
1. deild karla	90	312	27	3,47	0,30
2. deild karla	90	349	21	3,88	0,23
3. deild karla A	56	226	30	4,04	0,54
3. deild karla B	42	153	16	3,64	0,38
3. deild karla C	45	185	14	4,11	0,31
3. deild karla D	42	171	21	4,07	0,50
3. deild karla úrslit	14	48	8	3,43	0,57
VISA-bikar karla	65	242	22	3,72	0,34
Deildarbikar karla	153	492	43	3,22	0,28
Landsbankadeild kvenna	56	76	6	1,36	0,11
1. deild kvenna A	56	59	5	1,05	0,09
1. deild kvenna B	45	49	2	1,09	0,04
1. deild kvenna úrslit	5	1	0	0,20	0,00
VISA-bikar kvenna	15	23	1	1,53	0,07
Deildarbikar kvenna	34	39	4	1,15	0,12
Landsbankadeild kvenna aukal.	2	8	1	4,00	0,50
Meistarakeppni KSÍ	2	3	0	1,50	0,00
U23 karla	56	126	7	2,25	0,13
2. flokkur karla	219	646	57	2,95	0,26
3. flokkur karla	341	564	51	1,65	0,15
4. flokkur karla	391	203	16	0,52	0,04
2. flokkur kvenna	58	60	5	1,03	0,09
3. flokkur kvenna	135	64	7	0,47	0,05
4. flokkur kvenna	144	17	3	0,12	0,02
2. flokkur karla bikar	25	75	12	3,00	0,48
3. flokkur karla bikar	29	54	10	1,86	0,34
2. flokkur kvenna bikar	12	9	1	0,75	0,08
3. flokkur kvenna bikar	17	8	0	0,47	0,00
Eldri flokkur karla	26	7	0	0,27	0,00
Samtals	2355	4615	418	1,96	0,18

Fjöldi spjalda í mótum 2005

Mót	Fjöldi leikja	Gul	Rauð	Meðalt. gul	Meðalt. rauð
Landsbankadeild karla	90	287	24	3,19	0,27
1. deild karla	90	362	29	4,02	0,32
2. deild karla	90	332	39	3,69	0,43
3. deild karla A	42	153	20	3,64	0,48
3. deild karla B	42	164	11	3,90	0,26
3. deild karla C	42	173	26	4,12	0,62
3. deild karla D	42	165	21	3,93	0,50
3. deild karla úrslit	14	52	12	3,71	0,86
VISA-bikar karla	60	214	14	3,57	0,23
Deildarbikar karla	152	511	59	3,36	0,39
Landsbankadeild kvenna	56	70	11	1,25	0,20
1. deild kvenna A	42	46	4	1,10	0,10
1. deild kvenna B	30	30	2	1,00	0,07
1. deild kvenna úrslit	5	4	0	0,80	0,00
VISA-bikar kvenna	16	21	2	1,31	0,13
Deildarbikar kvenna	39	36	3	0,92	0,08
Landsbankadeild kvenna aukal.	2	6	0	3,00	0,00
Meistarakeppni KSÍ	2	4	0	2,00	0,00
U23 karla	50	120	9	2,40	0,18
2. flokkur karla	204	629	76	3,08	0,37
3. flokkur karla	305	497	53	1,63	0,17
4. flokkur karla	359	200	19	0,56	0,05
2. flokkur kvenna	55	48	1	0,87	0,02
3. flokkur kvenna	121	63	5	0,52	0,04
4. flokkur kvenna	128	23	0	0,18	0,00
2. flokkur karla bikar	27	75	13	2,78	0,48
3. flokkur karla bikar	31	68	9	2,19	0,29
2. flokkur kvenna bikar	12	13	0	1,08	0,00
3. flokkur kvenna bikar	18	9	0	0,50	0,00
Eldri flokkur karla	39	16	2	0,41	0,05
Samtals	2205	4391	464	1,99	0,21

Drago-styttur

Landsbankadeild karla

Háttvísimat eftirlitsmanna 2006

Röð	Félag	Einkunn
1	Valur	7,85
2	ÍA	7,82
3	Breiðablik	7,76
4	Víkingur R	7,68
5	Grindavík	7,67
6	Fylkir	7,65
7	Keflavík	7,65
8	KR	7,63
9	FH	7,58
10	ÍBV	7,44

Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsstig
Valur	34	0	34
FH	23	3	35
Fylkir	38	0	38
Víkingur R.	32	2	40
ÍA	37	1	41
Breiðablik	40	1	44
Keflavík	32	4	48
KR	30	6	54
Grindavík	33	7	61
ÍBV	47	4	63

Valur hlaut Drago-styttuna í Landsbankadeild karla á grundvelli háttvísimats eftirlitsmanna KSÍ, en rauð og gul spjöld vega þungt í því mati.

1. deild karla

Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsstig
HK	28	0	28
Fram	28	1	32
Þór	26	2	34
Fjölnir	27	2	35
KA	33	2	41
Haukar	19	6	43
Þróttur R.	31	3	43
Stjarnan	34	3	46
Leiknir R.	37	5	57
Víkingur Ó.	49	3	61

Handhafi Drago-styttunnar í 1. deild karla 2006 er HK.

Skýrsla háttvísinefndar

Valur var prúðasta liðið í Landsbankadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Landsbankadeild kvenna var FH prúðasta liðið, en þar er stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

Háttvísinefnd valdi Jónas Guðna Sævarsson, Keflavík, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Ástu Árnadóttur, Val, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Jónas og Ásta eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi, innan vallar sem utan.

Að vali nefndarinnar komu landsliðsþjálfarar KSÍ og Víðir Sigurðsson blaðamaður. Klara Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar.

Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2006 skipuðu Þórarinn Gunnarsson, formaður, Lúðvík S. Georgsson og Steinar Þór Guðgeirsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Jóhann Albertsson og Örn Gunnarsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz.

Leikmannasamningar

Fj. í gildi 15/01/07	Fjöldi skráðra samninga*	2006		2005		2004		2003		2002	
		Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga
255	Landsbankadeild karla	211	10	168	10	119	10	126	10	105	10
177	1. deild karla	123	10	103	10	79	10	78	8	55	7
54	2. deild karla	50	7	60	9	44	7	18	3	49	6
14	3. deild karla	9	1	1	1	0	0	1	1	15	2
98	Landsbankadeild kvenna	57	7	65	7	48	6	53	6	45	5
17	1. deild kvenna	11	3	47	4	14	2	16	1	0	0
377	Leikmannssamningar	297	23	221	17	179	18	189	18	154	16
238	Sambandssamningar	164	23	223	22	111	20	102	16	113	14
	Uppeldissamningar **									2	2

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

** Uppeldissamningur er fylgiskjal með leikmannssamningi. Ekki var hægt að gera slíka samninga eftir 1. mars 2002.

Breytingar á reglugerðum leikmannasamninga og félagaskipta

Nokkrar breytingar voru gerðar á reglum er varðar samninga leikmanna og félagaskipti.

a) Tvö félagaskiptatímabil voru sett inn í reglugerðina til samræmis við reglur FIFA, en reglur um félagaskipti innanlands voru þó óbreytt.

b) Nefndin fékk heimild til að veita undanþágu fyrir félagaskipti markvarða eftir 1. ágúst.

c) Tekið var upp ákvæði þess efnis að sækja þyrfti sérstaklega um undanþágu um félagaskipti til útlanda fyrir leikmenn yngri en 18 ára. Almennit gildir að slík félagaskipti eru ekki heimil skv. reglum FIFA, en þó má veita undanþágu að vissum skilyrðum uppfylltum.

d) Félög í Landsbankadeild kvenna fengu heimild til að gera leikmannssamning, en þau höfðu áður aðeins haft heimild til að gera sambandssamning.

e) Heimilað var að gera leikmannssamning til allt að 5 keppnistímabila við leikmenn 18 ára og eldri.

Mál Garðars Jóhannssonar

Á árinu kom upp mál tengt félagaskiptum Garðars Jóhannssonar úr Val til félags í Noregi. Þetta mál kom ekki til kasta nefndarinnar en framkvæmdastjóri KSÍ hafði mikil afskipti af málinu. Málavextir voru þeir að í júlímánuði 2006 skipti Garðar úr KR í Val og lék hann með báðum félögum í Íslandsmótinu í júlímánuði. Í ágúst náðu Valur og norska félagið samkomulagi um félagaskipti Garðars til Noregs. Þessi félagaskipti samrýmdust ekki reglum FIFA þar sem einungis má leika fyrir tvö félög í opinberum leikjum á tímabilinu 1. júlí til 30. júní árið eftir. Garðar hafði sem sagt leikið með KR og Val eftir 1. júlí og gat því ekki leikið með þriðja félagsliðinu fyrr en eftir 30. júní 2007 skv. reglum FIFA. Sótt var um undanþágu til FIFA en því var hafnað. Síðar féllst FIFA á að Garðar fengi félagaskipti til Noregs eftir 1. janúar 2007.

Málum vísað til nefndarinnar

Flest ágreiningsefni sem upp koma eru leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Nokkuð var þó um að málum væri vísað til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

HK gegn KR

HK kvartaði yfir því að þjálfari tengdur meistaraflokki kvenna hjá KR hefði haft samband við samningsbundinn leikmann í HK/Víkingi. Nefndin ákvað að áminna KR vegna þessa.

Buddy Farah gegn Keflavík

Buddy Farah, leikmaður Keflavíkur, krafðist þess að uppsögn Keflavíkur á samningi hans væri úrskurðuð ólögmet og fór fram á að nefndin úrskurðaði um bætur honum til handa. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um ólögmetu uppsögn hefði verið að ræða. Nefndin taldi sig ekki hafa heimild til að úrskurða um bætur, en benti á leiðir í því sambandi, m.a. að setja málið í gerðardóm.

Chris Vorenkamp gegn ÍBV

Chris Vorenkamp taldi sig eiga inni greiðslur hjá ÍBV og óskaði eftir aðstoð nefndarinnar. Málið leystist áður en nefndin tók málið til lokaafgreiðslu.

Stjarnan gegn Hannesi Þór Halldórssyni

Hannes sagði upp samningi sínum við Stjörnuna. Stjarnan staðfesti ekki uppsögnina því hún taldi að uppsagnarákvæðið ætti einungis við um launaliðinn, en ekki samninginn í heild. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, í samræmi við fyrri fordæmi, að við uppsögn á launalið samnings séu í raun brostnar forsendur fyrir hinum staðlaða samningi og var uppsögn Hannesar staðfest.

ÍA gegn Hafþór Aegi Vilhjálmsyni

Málavextir eru þeir að eldri stjórn ÍA hafði gert samkomulag við Hafþór um uppsagnarákvæði 10 dögum áður en hún hætti störfum. Ný stjórn ÍA taldi að þetta uppsagnarákvæði væri ekki gilt þar sem þess væri ekki getið á staðalforminu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að uppsagnarákvæðið væri gilt þar sem m.a. er kveðið á um í reglum KSÍ að aðilar geti hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan undan samningi.

Gunnar Línal gegn Þór

Gunnar fór fram á að staðfest yrði riftun hans á samningi við Þór vegna vanefnda félagsins. Í samningnum var riftunarákvæði vegna vanefnda og þar sem greiðslur til hans höfðu dregist verulega var riftunin staðfest.

Undanþágur vegna markvarða

Nefndin fékk 4 umsóknir um undanþágu um félagaskipti fyrir markvörð skv. nýrri heimild um slíkt.

- Fylkir sótti um undanþágu fyrir lið sitt í meistaraflokki kvenna og var umsóknin samþykkt.
- Hvöt sótti um undanþágu fyrir lið sitt í meistaraflokki karla og var umsóknin samþykkt.
- ÍBV sótti um undanþágu fyrir lið sitt í meistaraflokki karla og var umsókninni synjað þar sem ekki þóttu ríkar ástæður til að mati nefndarinnar.
- ÍR sótti um undanþágu fyrir lið sitt í meistaraflokki kvenna og var umsóknin samþykkt.

Umboðsmenn

Þrjú umboðsmenn voru starfandi árið 2006, þeir sömu og árið áður. Það eru þeir Arnór Guðjohnsen, Guðlaugur Þór Tómasson og Ólafur Garðarsson. 27 umboðsmannasamningar (samningur leikmanns við umboðsmann) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Fjórir einstaklingar sóttu um að gangast undir umboðsmannapróf og stóðust tveir prófið, þeir Unnar Steinn Bjarndal og Magnús A. Magnússon.

Félagaskipti

Fjöldi félagaskipta í ár var 1.639 sem er fjölgun um 212 frá fyrra ári. Aukning í félagaskipum er mikil sl. ár, eða um 60% frá árinu 1999. Að hluta til má skýra fjölgunina með tilkomu nýrra liða í deildakeppni. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt.

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
Fjöldi félagaskipta	1.639	1.427	1.246	1.257	1.078	1.096	1.105	1.043

Öðrum nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Þórarinn Gunnarsson, formaður

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2006-2007: Ingibjörg Hinriksdóttir formaður, Ástráður Gunnarsson, Guðni Kjartansson, Kjartan Danielsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson og Örn Ólafsson. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri KSÍ. Nefndin hélt 6 bókaða fundi á starfsárinu auk fleiri óformlegra funda og voru eftirfarandi mál efst á baugi hjá henni.

Þjálfaramenntun

KSÍ bauð í fyrsta skipti upp á öll 7 þjálfarastigin sín á einu ári, enda var þetta starfsár það fyrsta eftir að KSÍ fékk leyfi UEFA til að veita UEFA B og UEFA A þjálfaragráður. Menntun knattspyrnuþjálfara á Íslandi hefur stóraukist og mörg félög leggja mikla áherslu á þennan þátt í starfinu hjá sér.

KSÍ fékk sérstakt leyfi frá UEFA til að halda sérnámskeið í nóvember 2006 fyrir E-stigs þjálfara, sem luku vikunámskeiði í Þýskalandi í eldra þjálfaramenntunarkerfi KSÍ. Í tilefni af námskeiðinu stóð KSÍ fyrir komu tveggja heimspekktra fyrirlesara á þetta námskeið, Howard Wilkinson og Jens Bangsbo. Á námskeiðið mættu margir fremstu þjálfarar landsins en þeir útskrifast með UEFA A þjálfaragráðu í mars 2007.

KSÍ hyggst freista þess að koma á tengslum við enska knattspyrnusambandið með von um að geta boðið þjálfurum á Íslandi upp á að ljúka við UEFA Pro þjálfaragráðu. Sú vinna er ein af aðalverkefnum næsta starfsárs.

KSÍ ásamt íþróttfræðinemum við KHÍ á Laugarvatni mun á nýju starfsári kanna stöðuna á menntun allra knattspyrnuþjálfara á Íslandi. Með því mun KSÍ m.a. fá upplýsingar um hversu margir starfa við knattspyrnuþjálfun á Íslandi, hver meðalaldur þjálfara er, hversu mikið brottfall er í röðum knattspyrnuþjálfara, hlutfall kvennþjálfara o.fl. Í framhaldi af þessu mun KSÍ færa helstu upplýsingar um knattspyrnuþjálfara á Íslandi inn í mótakerfi sitt. Vonir standa til að niðurstöður þessarar viðamiklu könnunar verði kynntar fyrir aðildarfélögum KSÍ næsta sumar.

Fyrir næsta keppnistímabil munu félögin á Íslandi geta valið úr um 200 þjálfurum á landinu sem hafa þá lokið við UEFA B þjálfaragráðu og um 70 þjálfara sem munu þá einnig hafa lokið við UEFA A þjálfaragráðu. Þegar litið er til þessa og til þeirrar staðreyndar að fjölmargir knattspyrnuþjálfarar eru einnig menntaðir íþróttakennarar, þá er ljóst að staðan hér á landi er orðin mjög góð - en gott getur líka alltaf orðið betra.

Námskeiðahald

Mjög góð þátttaka var á þjálfaranámskeiðum KSÍ eins og undanfarin ár. Haldin voru 10 þjálfaranámskeið og auk þess var boðið upp á opinn og ókeypis fyrirlestur hjá Jens Bangsbo, einum virtasta fitnessþjálfara í heiminum í dag. Á þessa viðburði mættu alls 392 þjálfarar. Aðeins á árinu 2004 voru haldin fleiri þjálfaranámskeið á vegum KSÍ og þetta er því annað fjölmennasta árið frá upphafi. Flest námskeiðin okkar voru haldin í Reykjavík og Keflavík, en einnig var haldið þjálfaranámskeið á Akureyri og eitt vikunámskeið í Englandi.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á þjálfaranámskeiðunum okkar, en alls störfuðu 32 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir góð störf: Alfons Ramel, Andy Cale, Árni Ólason, Ásmundur Haraldsson, Birkir Sveinsson, Bjarni Stefán Konráðsson, Bragi Bergmann, Brian Eastick, Eyjólfur Sverrisson, Freyr Sverrisson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaugur Baldursson, Guðmundur Hreiðarsson, Guðni Kjartansson, Heimir Hallgrímsson, Helga Sigurðardóttir, Howard Wilkinson, Ingi Jónsson, Janus Guðlaugsson, Jens Bangsbo, Martin Hunter, Njáll Eiðsson, Ólafur Kristjánsson, Sigurbjörn Hreiðarsson, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Magnússon, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Skúli Skúlason, Stefán Stefánsson, Þorlákur Árnason og Örn Ólafsson.

Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu en hér eru taldar þær helstu:

- Eyjólfur Sverrisson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson voru fulltrúar KSÍ á UEFA/FIFA ráðstefnu fyrir A-landsliðsþjálfara og fræðslustjóra knattspyrnusambandanna í Evrópu, en tilefnið var uppgjör HM 2006. Ráðstefnan fór fram í Berlín í Þýskalandi dagana 11. - 13. september.

Ársskýrsla KSÍ 2006

- Þorlákur Árnason var fulltrúi KSÍ á UEFA ráðstefnu um UEFA A þjálfaragráðu fyrir barna- og unglingsþjálfara sem fór fram í Coverciano á Ítalíu, 23. - 27. október.
- Lúkas Kostic var fulltrúi KSÍ á árlegri ráðstefnu knattspyrnusambanda Norðurlandanna sem haldin var í Þórshöfn í Færeyjum 7. -10. nóvember.

Knattspyrnskóli KSÍ

Knattspyrnskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Skóli stúlkanna fór fram dagana 12. - 16. júní og sóttu hann 32 stúlkur. Sif Atladóttir og Ragna Björg Einarsdóttir höfðu umsjón með stúlkunum. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 19. - 23. júní, en hann sóttu samtals 49 drengir. Freyr Sværissón var skólustjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

Lokaorð

Að baki er viðburðaríkt starfsár þar sem góður árangur náðist. Fræðslunefnd KSÍ vill nota tækifærið og þakka aðildarfélagunum fyrir gott samstarf og hversu vel hefur til tekist í að mennta knattspyrnuþjálfara landsins með sameiginlegu átaki.

Á næsta starfsári verður lögð áhersla á að koma á fót endurmenntunarnámskeiðum, að undirbúa farveginn fyrir UEFA Pro þjálfaragráðu og viðhalda hinu öflugna námskeiðahaldi sem KSÍ býður nú þegar upp á.

Fyrir hönd fræðslunefndar þakka ég Sigurði Ragnari fyrir ánægjulega samvinnu á árinu sem og Ragnheiði Elíasdóttur sem var honum til halds og trausts á mörgum af námskeiðunum. Einnig færi ég öðrum starfsmönnum Knattspyrnusambandsins þakkir nefndarinnar fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

Þjálfaranámskeið KSÍ árið 2006

6-29. febrúar	KSÍ VII	Reykjavík og Akureyri	2 þjálfarar
24-26. febrúar	KSÍ III	Reykjavík	36 þjálfarar
17-19. mars	KSÍ V	Reykjavík	36 þjálfarar
29. sept - 1.október	KSÍ IV	Reykjavík	32 þjálfarar
6-8.október	KSÍ I	Reykjavík/Keflavík	33 þjálfarar
13-15.október	KSÍ I	Reykjavík/Keflavík	39 þjálfarar
29. okt - 5.nóvember	KSÍ VI	Lilleshall, Englandi	25 þjálfarar
3-5. nóvember	KSÍ II	Reykjavík/Keflavík	25 þjálfarar
10-12. nóvember	KSÍ II	Reykjavík/Keflavík	40 þjálfarar
15-19. nóvember	Sérnámsk E-stigs þj.	Reykjavík	33 þjálfarar
15-17. desember	KSÍ I	Akureyri	15 þjálfarar


Alls 11 námskeið og 316 þjálfarar

Aðrir fræðsluviðburðir á vegum KSÍ:

17.nóvember Opinn fyrirlestur Jens Bangsbo - 76 þjálfarar mættu


Tafla 1

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ árin 2000-2006



Tafla

Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2000-2006



Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2006-2007: Björn Friðþjófsson formaður, Guðmundur Ingvason, Jakob Skúlason, Einar Friðþjófsson, Ómar Bragi Stefánsson. Halldór Örn Þorsteinsson tók við sem starfsmaður nefndarinnar af þeim Birki Sveinssyni og Sigurði Ragnari Eyjólfssyni. Helstu útbreiðsluverkefni ársins voru sparkvallaátak KSÍ, útbreiðsluverkefni í umsjón Lúkasar Kostic, umsókn um aðild að grasrótarsáttmála UEFA, ásamt smærri verkefnum.

Sparkvallaátak KSÍ

Sparkvallaátak KSÍ er stærsta útbreiðsluátak sem ráðist hefur verið í á vegum sambandsins. Byggðir hafa verið 76 sparkvelli víðs vegar um landið með fjárframlögum frá Alþingi og sveitarfélögum. Helstu styrktaraðilar verkefnisins eru Eimskip, Olís, VÍS og KB banki. Stefnt er að því að byggja 35 sparkvelli á næsta ári og verða þeir því samtals orðnir 111 talsins. Tekist hefur verið að mæta þeirri eftirspurn sem var eftir sparkvöllum í upphafi átaksins. Sparkvellirnir eru flestir staðsettir á skólalóðum til að reyna að ná einnig til barna sem eru að jafnaði ekki að æfa knattspyrnu hjá aðildarfélögunum. Eyjólfur Sverrisson hefur umsjón yfir sparkvallaátaki KSÍ.

Lúkas Kostic við útbreiðslustörf hjá KSÍ

Lúkas Kostic landsliðsþjálfari karla U-17 og U-21 var ráðinn seint á síðasta starfsári til útbreiðslustarfa hjá KSÍ. Hlutverk Lúkasar er að heimsækja aðildarfélögin, halda erindi um knattspyrnuþjálfun, sýna þjálfurum æfingar úti á velli og vera í ráðgefandi hlutverki. Landshlutafulltrúar KSÍ eru Lúkasi til halds og trausts í útbreiðslustarfinu, auk þess sem náð samband er haft við framkvæmdastjóra, yfirþjálfara og aðra þjálfara hjá viðkomandi aðildarfélögum vegna þessara heimsókna.

Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Útbreiðslunefndin gerði drög að útbreiðsluáætlun á síðasta starfsári sem er í sífelldri endurskoðun. Það verður hlutverk útbreiðslunefndar á komandi starfsári að fylgja þessari áætlun eftir og reyna að fjölga iðkendum í samráði við aðildarfélögin. Árið 2005 (nýjustu tölur) voru 18.210 skráðir iðkendur í knattspyrnu, 5.585 konur og 12.625 karlar. Útbreiðslunefndin hefur sett sér það markmið að það verði 20.000 skráðir iðkendur í knattspyrnu árið 2007.

Ráðstefnur um grasrótarknattspyrnu

Haldin var ráðstefna í Nyon í Sviss dagana 14. – 17. mars á vegum UEFA um grasrótarknattspyrnu. Helstu umræðuefni voru framtíð knattspyrnunnar, grasrótarsáttmáli UEFA og útbreiðslumál. Halldór Örn Þorsteinsson fór á vegum KSÍ á ráðstefnuna sem var vel heppnuð í alla staði.

Dagana 24. – 28. júlí sl. fóru þeir Einar Friðþjófsson, Halldór Örn Þorsteinsson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson til Kaupmannahafnar á vinnufund UEFA varðandi grasrótarsáttmála sambandsins (UEFA Grassroots Charter). Kynntar voru hvaða kröfur eru gerðar til þjóða varðandi grasrótastarfið. Megin áherslan er á útbreiðslu og að öllum sé gert kleift að taka þátt. Gerðar eru ákveðnar gæðakröfur í grasrótarknattspyrnu og þurfa skilyrði t.a.m. um þjálfara- og leiðtogamenntun, hugmyndafræði, áætlun, útbreiðslunefnd og grasrótastjóra að vera uppfyllt. Umsókn Íslands verður í vinnslu í allan vetur og skilað til UEFA næsta vor.

Viðurkenningar fyrir grasrótariðburði

KS hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótariðburð ársins 2006, Þæjumótið á Siglufirði, sem hefur um árabil verið haldið með miklum glæsibrag. Íþróttasamband fatlaðra fékk viðurkenningu fyrir grasrótariðburð ársins hjá fötluðum vegna Special Olympics. Þór á Akureyri fékk verðlaun fyrir Pollamótið í Eldri flokki, en mótið hefur notið mikilla vinsælda undanfarnin ár meðal leikmanna á besta aldri.

Ýmis smærri útbreiðsluverkefni árið 2006

Nokkuð var um heimsóknir landsliðsþjálfara og leikmanna í skóla, knattspyrnuskóla og til aðildarfélaga á árinu. Reynt var að nota tækifærið til að hvetja börn til knattspyrnuíðkunar.

Lokaorð

Öllum sem komu að útbreiðslustarfi KSÍ á þessu starfsári með beinum eða óbeinum hætti eru færðar þakkir og starfsmönnum KSÍ eru færðar sérstakar þakkir.

Björn Friðþjófsson, formaður

Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1992

Félag	Nafn
Afturelding	Steinar Ægisson
Austri	Sigbór Rögnvar Grétarsson
Álftanes	Dagur Árnason
BÍ	Jóhann Mar Sigurðsson
Bolungarvík	Margeir Smelt
Breiðablik	Andri Rafn Yeoman
FH	Hjörtur Þórisson
Fjölnir	Páll Dagbjartsson
Fram	Orri Gunnarsson
Fylkir	Davíð Þór Ásbjörnsson
Fylkir	Pétur Finnbogason
Grindavík	Guðmundur Egill Bergsteinsson
Gróttta	Ásgeir Hallgrímsson
Grundarfjörður	Brynjar Kristmundsson
Haukar	Marteinn Gauti Andrason
HK	Bjarki Eldjárn Kristjánsson
Hrunamenn	Hafsteinn Einarsson
Huginn	Kristján Smári Guðjónsson
Höttur	Jónas Hafsteinsson
ÍA	Sigurjón Guðmundsson
ÍBV	Víðir Þorvarðarson
ÍR	Gent Hoda
KA	Jakob Hafsteinsson
Keflavík	Árni Freyr Ásgeirsson
Keflavík	Viktor Smári Hafsteinsson
KFR	Magnús Kjartansson
KR	Atli Valur Jóhannsson
KS	Gunnar Freyr Þorleifsson
Leiftur	Ingimar Elí Hlynsson
Leiknir F.	Hilmar Bjartþórsson
Leiknir R.	Hilmar Árni Halldórsson
Magni	Anton Orri Sigurbjörnsson
Njarðvík	Andri Fannar Freysson
Reynir S.	Aron Elís Árnason
Selfoss	Guðmundur Þórarinsson
Sindri	Sindri Elvarsson
Stjarnan	Ólafur Karl Finsen
Tindastóll	Loftur Páll Eiríksson
Valur Reyðarf.	Björgvin Stefán Pétursson
Valur	Grímur Guðjónsson
Víðir	Róbert Örn Ólafsson
Víkingur Ó.	Brynjar Gauti Guðjónsson
Víkingur R.	Sigurður E. Lárusson
Völsungur	Hrannar Björn Steingrímsson
Þór	Halldór Orri Hjaltason
Þróttur N.	Haraldur Bergvinsson
Þróttur R.	Daníel Benediktsson
Þróttur V.	Ásgeir Sigurjónsson
Ægir	Kjartan Jónsson

Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1992

Félag	Nafn
Afturelding	Erla Guðmundsdóttir
Álftanes	Helga Rún Heimisdóttir
Breiðablik	Yr Sigurðardóttir
FH	Sigrún Ella Einarsdóttir
Fjölnir	Kristjana Yr Þráinsdóttir
Fylkir	Súsanna Helgadóttir
Grindavík	Bryndís Hallsdóttir
Grundarfjörður	Jóhanna Gústafsdóttir
Haukar	Sædís Finnbogadóttir
HK	Ingibjörg Sigvaldadóttir
Huginn	Jóna Ólafsdóttir
ÍBV	Birgitta Ósk Valdimarsdóttir
ÍR	Helga Dagný Bjarnadóttir
KA	Freydís Jóhannsdóttir
Keflavík	Guðrún Ólöf Olsen
KFR	Karitas Ágústsdóttir
KR	Katrín Ásbjörnsdóttir
Leiftur	Lilja Rós Aradóttir
Leiknir F.	Tanja Rún Kristmannsdóttir
Leiknir R.	Eva Rut Eiríksdóttir
Reynir S.	Agnes Helgadóttir
Selfoss	Dagný Hróbjartsdóttir
Sindri	Iðunn Tara Ásgrímsdóttir
Stjarnan	Ásrún Björk Hauksdóttir
Valur	Heiða Dröfn Antonsdóttir
Víðir	Anna Helga Ólafsdóttir
Víkingur R.	Bára Jóhannsdóttir
Völsungur	Aníta Ösp Gunnlaugsdóttir
Þór	Arna Sif Ásgrímsdóttir
Þróttur R.	Kristín Sverrisdóttir
Þróttur V.	María Margrét Hauksdóttir
Ægir	Rakel Yr Gunnlaugsdóttir

Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2006:

Lúðvík S. Georgsson formaður
Ásthildur Helgadóttir
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson
Þorbergur Karlsson

Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson.

Nefndin hélt alls 6 bókaða fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

Unnið var að 2. útgáfu af leyfishandbók KSÍ. Þó að verulegar breytingar séu á handbókinni, þá á það ekki við um mannvirkjakafliann, sem breytist ekki mikið ef frá er talið að með þessari útgáfu kemur 1. deildin inn í leyfiskerfið og þurfti að meta hvaða kröfur skyldi gera þar í leyfiskerfinu. Nú er einnig komið að þeim tímamörkum að undanþágur vegna aðstöðu áhorfenda fást ekki framlengdar. Leyfiskerfið hefur skilað grettistaki hvað það varðar.

Þá voru reglur um knattspyrnuvelli endurskoðaðar, en breytingar urðu óverulegar.

Sparkvallaverkefni KSÍ, sem átti að ljúka á árinu 2005, var framlengt um tvö ár, eftir að frekari fjárveitingar fengust frá ríkinu. Byggðir voru 12 sparkvellir á árinu og hafa því alls verið byggðir 76 sparkvellir með þessu átaki. Verkefnið hefur hlotið verðskuldaða athygli, bæði innan knattspyrnuhreyfingarinnar, meðal almennings og hjá sveitarfélögunum. Vonast er til að árið 2007 verði byggðir um 35 vellir og heildarfjöldinn nái þar með 111 á árinu, en þar með er gert ráð fyrir að þessu verkefni sé lokið.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaðan er ófullnægjandi.

Auk þessara verkefna hefur mannvirkjanefnd KSÍ verið til ráðgjafar ýmsum félögum og sveitarfélögum vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum, t.a.m. á Neskaupstað og í Hafnarfirði.

Skoðaðir voru staðlar um kröfur til knattspyrnumarkna innanhúss og gefin út álitssgerð um hvaða viðmiðanir skal nota.

Loks er í vinnslu hjá nefndinni bæklingur um viðhald á gervigrasi.

Undirritaður vill að lokum þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir frábært samstarf á árinu.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

Heiðursviðurkenningar KSÍ

Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

Nafn	Félag	Merki
Hafsteinn Ellertsson	Haukar	Gull
Janus Guðlaugsson	Haukar	Gull
Valborg K. Óskarsdóttir	Haukar	Silfur
Örn Bjarnason	Haukar	Silfur
Hermann S. Guðmundsson	Haukar	Silfur
Alexander Högnason	ÍA	Silfur
Andrés Ólafsson	ÍA	Silfur
Gísli Gíslason	ÍA	Gull
Guðjón Guðmundsson, lækur	ÍA	Gull
Guðjón Þórðarson	ÍA	Gull
Haraldur Ingólfsson	ÍA	Silfur
Hörður Helgason	ÍA	Gull
Ólafur Þórðarson	ÍA	Silfur
Teitur Þórðarson	ÍA	Gull
Þróstur Stefánsson	ÍA	Gull
Ásmundur Friðriksson	Keflavík	Silfur
Ingólfur Hafsteinn Hjaltason	Leiknir F.	Gull
Ólafur Róbertsson	Víðir	Silfur
Sigurður Ingvarsson	Víðir	Gull
Sigurjón Kristinsson	Víðir	Gull
Heiðar Þorsteinsson	Víðir	Gull
Kristinn Einarsson	Þróttur R.	Silfur

Kærur og úrskurðir

Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá á vef KSÍ undir

<http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/>